

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 12. júní 2025.

Mál nr. 932/2024:

Ákærvaldið

(Hrafnhildur M. Gunnarsdóttir saksóknari)

gegn

X

(Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður)

(Inga Lillý Brynjólfsson réttargæslumaður og lögmaður einkaréttarkröfuhafa)

Lykilorð

Manndráp. Tilraun. Sakhæfi. Geðrannsókn. Brot í nánu sambandi. Refsiákvörðun. Miskabætur. Einkaréttarkrafa. Játning. Matsgerð.

Útdráttur

X var sakfelld fyrir manndráp, tilraun til manndráps og stórfellt brot í nánu sambandi með því að hafa svipt yngri son sinn lífi með nánar tilgreindum hætti og gert tilraun til hins sama gagnvart eldri syni sínum, en bæði brotin voru framin á heimili ákærðu. Ákærða X játaði brot sín skýlaust en krafðist sýknu á grundvelli sakhæfisskorts, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara að henni yrði ekki gerð refsing og byggði á því að refsing myndi ekki bera árangur, sbr. 16. gr. sömu laga. Í dómi Landsréttar kom fram að ákvæði 15. gr. almennra hegningarlaga geymdi undantekningu frá því þeirri meginreglu að mönnum skyldi refsast fyrir afbrot sín og það leiddi ekki til sakhæfisskorts þótt sá, sem framið hefði refsiverðan verknað, væri haldinn ranghugmyndum af völdum geðsjúkdóms nema hann hefði alls ekki verið fær um að stjórna gerðum sínum er hann vann verkið. Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sem byggði niðurstöðu sína meðal annars á matsgerðum þriggja geðlækna, sem allir töldu að X hefði verið fær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu, var X talin sakhæf. Þá var niðurstaða héraðsdóms um að refsing myndi bera árangur einnig staðfest með vísan til forsendna hans, en hún byggði meðal annars á áðurgreindum matsgerðum, sem matsmenn staðfestu í viðbótarskýrslum fyrir Landsrétti. Jafnframt var refsing, sem X var gerð í hinum áfrýjaða dómi, 18 ára fangelsi, staðfest. Loks var X dæmd til að greiða B 5.000.000 króna í miskabætur og C 3.000.000 króna.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Kristinn Halldórsson og Ragnheiður Bragadóttir og Kristófer Sigurðsson geðlæknir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 18. nóvember 2024 í samræmi við yfirlýsingu ákærðu um áfrýjun. Málgögn bárust réttinum 24. janúar 2025. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 6. nóvember 2024 í málinu nr. [...] /2024.
- 2 Ákærvaldið krefst þess að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um sakkfellingu ákærðu og ákvörðun refsingar.
- 3 Ákærða krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins, til vara að henni verði ekki gerð refsing, en að því fágengnu að refsing hennar verði milduð og að gæsluvarðhald sem hún hefur sætt komi til frádráttar refsingu.
- 4 Brotapoli, B, krefst þess að ákærðu verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 10.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 31. janúar 2024 til 29. maí 2024, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um greiðslu miskabóta honum til handa.
- 5 Einkaréttarkröfuhafi, C, krefst þess að ákærða verði gert að greiða honum miskabætur að fjárhæð 8.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 31. janúar 2024 til 29. maí 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur um greiðslu miskabóta honum til handa. Þá er þess krafist að ákærðu verði gert að greiða einkaréttarkröfuhafa málskostnað eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
- 6 Við aðalmeðferð málsins var spiluð hljóð- og myndupptaka af skýrslu ákærðu fyrir héraðsdómi. Þá komu fyrir Landsrétt og gáfu viðbótarskýrslur vitnin, G, geðlæknir og dómkvaddur matsmaður, og F og M, geðlæknar og dómkvaddir yfirmatsmenn, en þeim var öllum í héraði falið að meta sakhæfi ákærðu, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og eftir atvikum hvort refsing muni bera árangur, sbr. 16. gr. sömu laga.

Málsatvik og sönnunarfærsla

- 7 Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi. Þar er einnig skilmerkileg grein gerð fyrir framburði ákærðu, bæði hjá lögreglu og fyrir héraðsdómi. Þá er framburður vitna fyrir héraðsdómi og eftir atvikum hjá lögreglu rakinn, þar á meðal það sem fram kom við skýrslutöku af brotþola, B, í Barnahúsi.
- 8 Í viðbótarskýrslu vitnisins G geðlæknis fyrir Landsrétti kom fram að það hefði verið flókið að leggja mat á sakhæfi ákærðu, sérstaklega vegna þess að framburður hennar hefði tekið breytingum með tímanum og þá hefðu tungumálaerfiðleikar gert matið flóknara en ella. Í viðtölum hefði ákærða uppfyllt greiningarskilmerki fyrir þunglyndi með geðrofseinkennum. Ranghugmyndir ákærðu hefðu falist í stöðugum hugsunum um að hún væri með krabbamein. Á hinn bóginn hefðu þetta ekki verið stýrandi

ranghugmyndir eða ranghugmyndir sem gerðu það að verkum að ákærða gæti ekki haft stjórn á því sem hún gerði. Að mati vitnisins hefði ákærða því verið með ranghugmyndir en aftur á móti fullfær um að stjórna gerðum sínum. Ákærða hefði sjálf greint frá því að áður en hún lét til skaras skrifa hefði hún flutt yngri drenginn í annað herbergi til að vekja ekki þann eldri og því hefði ákærða haft stjórn á því hvernig hún framkvæmdi verknadinn. Að mati vitnisins hefði ástand ákærðu því ekki verið þess eðlis að hún teldist hafa verið allsendis ófær um að stjórna gerðum sínum. Ljóst væri að félagsleg staða ákærðu hefði lengi verið bágborin og hún væri með sögu um áföll, en ekki um alvarleg geðræn veikindi á borð við geðrofssjúkdóm eða alvarlega lyndisröskun, svo sem geðhvarfasýki. Í viðtölum við ákærðu hefði ekkert komið fram um að hún væri greindarskert og því hefði vitnið ekki talið ástæðu til að leggja fyrir hana greindarpróf. Vitnið sagði að frásögn ákærðu um heyrnarofskynjun eða vélarhljóð hefði ekki verið sannfærandi og ekki verið talin merki um geðrof.

- 9 Hvað varðaði það álitaefni hvort refsing ákærðu myndi bera árangur, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga, sagði vitnið að fram hefði komið hjá ákærðu að hún skildi muninn á réttu og röngu og að gjörðir hennar hefðu afleiðingar. Ekkert hefði komið fram sem benti til þess að refsing ákærðu myndi ekki bera árangur. Á hinn bóginn væri ljóst að ákærða þyrfti á meðferð að halda þar sem hún glímdi við geðræn veikindi.
- 10 Aðspurt af réttargæslumanni brotaþola kvaðst vitnið hafa rætt við brotaþola, B, eftir atvikið. Að mati vitnisins þyrfti drengurinn á langtímaaðstoð að halda til að vinna úr því áfalli sem hann hefði orðið fyrir. Fyrirséð væri að atvikið kæmi til að hafa mjög víðtæk áhrif á andlegu heilsu hans í framtíðinni.
- 11 Vitnið F geðlæknir sagði í viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti að yfirmatsmenn hefðu talið að það hefði lítinn tilgang að leggja greindarpróf fyrir ákærðu vegna fyrirséðra erfiðleika við framkvæmd þess og þegar svo væri kæmu ekki marktækar niðurstöður úr prófinu. Yfirmatsmenn hefðu því byggt á því sem fram kom hjá ákærðu sjálfri og fyrrverandi eiginmanni hennar. Ákærða hefði átt erfitt með að gera grein fyrir sinni eigin sögu og yfirmatsmenn fengið mismunandi útgáfur í hvert skipti sem þeir ræddu við hana. Ekki hefðu komið fram sterkar vísbendingar um að ákærða væri greindarskert en eigi að síður hefðu yfirmatsmenn talið hana með frekar lága meðalgreind. Ekki væri þó hægt að álykta af því einu að viðkomandi hefði ekki stjórn á sér í erfiðum aðstæðum. Vitnið sagði að margt benti til að ákærða hefði átt við þunglyndi og kvíða að etja áður en hún kom til Íslands. Eftir komu hingað til lands virtist ákærða hafa verið mjög kvíðin og haldin þráhyggjukennendum hugsunum í tengslum við grun um að hún væri haldin alvarlegum sjúkdómi. Þá hefðu komið fram sterkar vísbendingar um að ákærða væri haldin áfallastreituröskun, enda hefði hún verið á flóttu í 20 ár og dvalið í flóttamannabúðum á ýmsum stöðum. Einnig væri ljóst að ákærða hefði ekki aðlagast aðstæðum hér þrátt fyrir þá aðstoð sem hún hefði notið og hún átt erfitt með að bjarga sér. Allt hefði þetta mögulega stuðlað að bágborinu

ástandi ákærðu um það leyti er verknaðurinn var framinn og gæti skýrt hvers vegna atvik gerðust. Áðurgreint ástand hefði á hinn bóginn ekki gert ákærðu allsendis ófæra um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu að mati yfirmatsmanna. Tók vitnið fram að ekki hefðu komið fram skýr merki um að ákærða hefði verið í geðrofi þegar hún framdi verknaðinn og því ófær um að stjórna gerðum sínum. Ákærða hefði vissulega verið í miklu krísuástandi og ekki séð út úr hlutunum en hún hefði aftur á móti ekki verið í geðrofi.

- 12 Vitnið staðfesti að matið hefði verið flókið þar sem ákærða talaði ekki íslensku og kæmi úr öðrum menningarheimi. Þá hefði ekki verið samræmi á milli frásagna ákærðu og fyrrverandi eiginmanns hennar. Grunur um að ákærða hefði verið haldin áfallastreituröskun breytti ekki niðurstöðu yfirmatsmanna um að ákærða hefði verið fær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu og því sakhæf í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Þá hefðu yfirmatsmenn talið að refsing ákærðu myndi bera árangur, enda gerði ákærða sér grein fyrir gerðum sínum og hvaða afleiðingar þær hefðu. Aðspurt sagði vitnið að ákærða væri ekki talin hættuleg og því væri ekki talin þörf á því að hún sætti öryggisvistun, yrði niðurstaðan málsins sú að annað hvort 15. eða 16. gr. almennra hegningarlaga ætti við í málinu.
- 13 Vitnið M geðlæknir sagði í viðbótarskýrslu fyrir Landsrétti að þunglyndi þrengdi stundum dómgreind fólks þannig að það hefði „rörsýn“ á aðstæður sínar. Álitafnið í þessu máli væri aftur á móti hvort ákærða, sem hefði verið þunglynd og ekki séð út úr aðstæðum sínum, hefði verið algjörlega dómgreindarlaus á verknaðarstundu, en það hefði ákærða ekki verið að mati yfirmatsmanna. Þunglyndið hefði haft áhrif á getu ákærðu en hún hefði ekki verið stjórnlaus. Vitnið sagði að upptökur frá vettvangi og handtöku ákærðu, sem og það að G geðlæknir og undirmatsmaður hefði komið að málinu strax í byrjun, hefði auðveldað mat yfirmatsmanna. Með því að kynna sér upptökur lögreglu af vettvangi hefði þeim orðið ljóst að ákærða var ekki í geðrofi skömmu eftir verknaðinn og það hefði hjálpað þeim að meta ástand hennar á verknaðarstundu.
- 14 Mjög erfitt væri að skilja það sem gerðist og sérstaklega fyrir ákærðu sjálfa. Hún hefði verið í miklu ójafnvægi vegna mjög erfiðra aðstæðna sinna og þrátt fyrir að hún hefði ávallt greint frá því að hún hefði talið sig vera að bjarga sonum sínum kvaðst vitnið halda að innst inni hefði ákærða verið hrædd um að missa þá vegna þess að hún hefði verið orðin ein. Vitnið sagði að þegar yfirmatsmenn hefðu hafið matsstörf í maí 2024, eða um þremur mánuðum eftir verknaðinn, hefði ákærða í raun ekki verið mjög kvíðin eða þunglynd. Þá sagði vitnið að það hefði slegið sig aðeins hvað ákærða var hress inni á milli í viðtölunum, en þegar fólk lenti í svona erfiðum aðstæðum væri það venjulega langt niðri vegna sorgar og þunglyndis í langan tíma á eftir.
- 15 Vitnið kvaðst meta það svo að ákærða þyldi fangelsisvist við þær aðstæður sem hún byggði við í dag. Hún skildi orsök og afleiðingu og af hverju henni væri refsað. Ákærða væri viðkvæm og þyrfti stuðning, sem hún fengi þar sem hún væri nú vistuð.

Niðurstaða

- 16 Með ákæru 23. apríl 2024 var ákærðu gefið að sök annars vegar manndráp og hins vegar tilraun til manndráps með því að svipta yngri son sinn, A, lífi og gera tilraun til hins sama gagnvart eldri syni sínum, B, en bæði brotin áttu sér stað á heimili ákærðu í [...]. Í báðum tilvikum var ákærðu einnig gefið að sök stórfellt brot í nánu sambandi og að því er síðara brotið varðaði að hafa ógnað á alvarlegan hátt lífi, heilsu og velferð eldri sonarins með háttsemi sinni. Í ákæru er fyrra brotið talið varða við 211. gr. almennra hegningarlaga og hið síðara við 211. gr., sbr. 20. gr. og bæði brotin við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 218. gr. b sömu laga.
- 17 Í skýrslu fyrir héraðsdómi játaði ákærða skýlaust að hafa orðið yngri syni sínum að bana og að hafa gert tilraun til að svipta eldri son sinn lífi, svo og brot í nánu sambandi í báðum tilvikum. Samkvæmt hinum áfrýjaða dómi átti játning ákærðu sér stoð í gögnum málsins og þótti sannað að hún hefði gerst sek um þá háttsemi sem greindi í ákæru. Ákærða krafðist sýknu vegna sakhæfisskorts, sbr. 15. gr. almennra hegningarlaga, en til vara að henni yrði ekki gerð refsing í málinu og byggði þá á því að refsing myndi ekki bera árangur, sbr. 16. gr. sömu laga. Dómkröfur ákærðu fyrir Landsrétti eru þær sömu og byggja á sömu sjónarmiðum og í héraði.
- 18 Við meðferð málsins í héraði var dómkvaddur matsmaður og síðar tveir yfirmatsmenn til að meta sakhæfi ákærðu og hvort refsing myndi bera árangur, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Niðurstöður undir- og yfirmatsgerðar voru samhljóða um að ákærða væri sakhæf og að refsing myndi bera árangur. Í báðum matsgerðunum kom fram að ákærða hefði verið alvarlega þunglynd á verknaðarstundu, sem hefði haft áhrif á hegðun hennar, dómgreind og ákvarðanatöku. Í undirmatsgerð komst matsmaður að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til þess að ákærða hefði verið alls ófær um að bera ábyrgð á og stjórna gerðum sínum og þá væri ekkert sem benti til þess að refsing gæti ekki borið árangur, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Yfirmatsmenn komust að þeirri niðurstöðu í matsgerð sinni að ástand ákærðu á verknaðarstundu gæti hafa náð mörkum geðrofs en hegðun hennar benti þó ekki til þess að hún hefði stjórnað algjörlega af ástandi sínu heldur hefði hún haft innsæi í gjörðir sínar. Hvað varðaði það álitaefni hvort refsing myndi bera árangur kom fram í yfirmatsgerð að ákærða skildi lög og reglur samfélagsins og gerði sér grein fyrir réttum og röngum athöfnum. Þá væri hún full eftirsjár og óskaði þess að atvik þau sem um væri fjallað í málinu hefðu ekki átt sér stað. Lögðu yfirmatsmenn áherslu á í mati sínu að ákærða hefði alvarlegt þunglyndi og takmörkuð bjargráð og myndi þurfa mikinn stuðning, færniþjálfun og sérhæfða geðmeðferð til þess að hún gæti verið í fangelsi. Í skýrslum fyrir héraðsdómi kom skýrt fram hjá báðum yfirmatsmönnum að þeir teldu að refsing ákærðu gæti borið árangur en lögðu jafnframt áherslu á að hún þyrfti sálrænan stuðning og aðstoð við að vinna úr áfallinu í fangelsinu.
- 19 Í viðbótarskýrslum fyrir Landsrétti ítrekuðu hinir dómkvöddu mats- og yfirmatsmenn fyrri röksemdir fyrir niðurstöðum matsgerða sinna og lýstu því sem fram kom í

viðtölum við ákærðu í stórum dráttum og hvaða ályktanir þeir drógu af viðtölunum og öðrum gögnum málsins. Var það mat þeirra allra að ákærða hefði verið fær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu og teldist því sakhæf í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga. Þá var óhögguð sú afstaða þeirra að refsing myndi bera árangur, sbr. 16. gr. sömu laga, en matsmenn lögðu þó áherslu á að ákærða þyrfti sálrænan stuðning í fangelsinu.

- 20 Í 15. gr. almennra hegningarlaga eru sett ströng skilyrði fyrir sakhæfisskorti í íslenskum rétti og verður andlegur annmarki, svo sem geðveiki, að vera á háu stigi til þess að hann leiði til refsileysis af þeim sökum. Alvarlegur geðsjúkdómur leiðir þó ekki einn og sér til skorts á sakhæfi heldur verður viðkomandi að hafa verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum vegna hins andlega annmarka þegar hann framdi verknað sem er refsiverður að lögum. Þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með frumvarpi til almennra hegningarlaga og búa að baki refsilögum, meðal annars um verndun almenns réttaröryggis, viðhald lögbundins þjóðskipulags og réttlætistilfinningu almennings, hafa í dómaframkvæmd þótt mæla með því að ákvæði 15. gr. almennra hegningarlaga sé fremur skýrt þröngt en rúmt, enda hefur það að geyma undantekningu frá þeirri meginreglu að mönnum sé refsað fyrir afbrot sem þeir hafa framið. Samkvæmt því leiðir það ekki til sakhæfisskorts þótt sá, sem framið hefur refsiverðan verknað, sé haldinn ranghugmyndum af völdum geðsjúkdóms nema hann hafi alls ekki verið fær um stjórna gerðum sínum þegar hann vann verkið, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 13. október 2011 í máli nr. 198/2011.
- 21 Að þessu gættu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður staðfest niðurstaða hans um að ákærða teljist sakhæf og að refsing hennar muni bera árangur, sbr. 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga. Einnig verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærðu staðfest með vísan til forsendna hans, en þó þannig að 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, sem heimilar þyngingu refsingar, meðal annars þegar brot beinist að barni nákomnu geranda, þykir ekki eiga við í málinu þar sem verknaður ákærðu er einnig heimfærður undir 218. gr. b sömu laga.
- 22 Ákvæði hins áfrýjaða dóms um miskabætur, sakarkostnað og gjafsóknarkostnað verða staðfest.
- 23 Ákærðu verður gert að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, B, sem ákveðin verða að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.
- 24 Ákærða greiði málskostnað einkaréttarkröfuhafa, C, 400.000 krónur, sem renni í ríkissjóð.
- 25 Allur gjafsóknarkostnaður einkaréttarkröfuhafa fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Ákærða, X, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, 3.069.932 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Landsrétti, Unnsteins Arnar Elvarssonar lögmanns, 1.841.400 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, B, Ingu Lillýjar Brynjólfssdóttur lögmanns, 515.840 krónur.

Ákærða greiði málskostnað einkaréttarkröfuhafa, C, að fjárhæð 400.000 krónur, sem renni í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður einkaréttarkröfuhafa fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Ingu Lillýjar Brynjólfssdóttur, 400.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 6. nóvember 2024

Mál þetta, sem þingfest var 3. maí 2024 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 12. september sl. höfðaði héraðssaksóknari með ákæru útgefinni 24. apríl 2024 á hendur X, kt. 000000-0000, [...], dvalarstaður [...], fyrir neðangreind brot, framin á heimili sínu að [...], aðfaranótt 31. janúar 2024:

- i) Manndráp og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa svipt son sinn, A, kt. 000000-0000, lífi, þar sem hann lá sofandi í sófa, með því að setja kotta yfir andlit hans og með báðum höndum þrýst koddanum yfir vit hans og þrýst á háls hans og efri hluta brjóstakassa og ekki linað þau tók fyrr en hún varð þess áskynja að hann var látinn, en drengurinn lést af völdum köfnunar.

Telst þetta varða við 211. gr. og 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

- ii) Tilraun til manndráps og stórfellt brot í nánu sambandi, með því að hafa, í kjölfar atlögunnar, sbr. ákærulið i), farið inn í svefnherbergi þar sem sonur hennar, B, kt. 000000-0000, lá sofandi á maganum, í hjónarúmi, tekið fyrir vit hans með annarri hendi og í hnakka hans með hinni og þannig þrýst andliti hans niður í rúmið, þannig að hann gat ekki andað, en við atlöguna vaknaði drengurinn og gat hann losað sig úr taki móður sinnar. Með háttsemi sinni ógnaði hún á alvarlegan hátt lífi, heilsu og velferð sonar síns.

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., og 1., sbr. 2., mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu Ingu Lillýjar Brynjólfssdóttur lögmanns f.h. B, kt. 000000-0000, er þess krafist að ákærða verði dæmd til greiðslu miskabóta skv. ákvæðum XXVI. kafla laga nr. 88/2008 að fjárhæð kr. 10.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2024 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfu til greiðsludags auk málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti að mati dómsins eða skv. framlögðum málskostnaðarreikningi.

Af hálfu C, kt. 000000-0000, til heimilis að [...], er þess krafist að ákærða verði dæmd til greiðslu miskabóta skv. 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að fjárhæð kr. 8.000.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2024 en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi er mánuður er liðinn frá birtingu

bótakröfu til greiðsludags auk málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti skv. mati dómsins eða fram-
lögðum málskostnaðarreikningi.

Ákærða játar þá háttsemi sem henni er gefin að sök en krefst sýknu á grundvelli 15. gr. almennra
hegningarlaga nr. 19/1940. Hún viðurkennir bótaskyldu en mótmælir bótafjárhæðum. Ákærða krefst til
vara að henni verði ekki gerð refsing, verði hún sakfelld, og til þrautavara vægustu refsingar er lög leyfa
og að gæsluvarðhaldsvist sem hún hefur sætt frá 31. janúar 2024 verði dregin frá fangelsisrefsingu. Þá er
þess krafist að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þ.m.t. hæfileg málsvarnarlaun verjanda skv.
málskostnaðarreikningi.

I.

Málavextir

Miðvikudaginn 31. janúar 2024 barst lögreglu tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra
um andlát drengsins A á heimili hans að [...]. Ákærða, móðir drengsins, hafði hringt í Neyðarlínu.
Greindi hún frá því að sonur hennar væri látinn og hún þyrfti sjúkrahúsi og lögreglu að heimili þeirra.
Neyðarvörður spurði aftur hvað hefði komið fyrir og sagði ákærða að sonur sinn hefði dáíð, hann væri
kaldur viðkomu og andaði ekki. Sagði ákærða að eldri sonur hennar væri farinn í skólann og vissi ekki
hvað hefði gerst.

Er lögregla mætti á vettvangi lá A á sófa á bakinu með spenntar greipar undir teppi, með kodda
undir höfði sem hallaði til vinstri. Lögreglumenn færðu drenginn á gólfíð til að hefja endurlífgun en er
sjúkraflutningamenn komu á staðinn var augljóst að drengurinn væri látinn.

Ákærða var á heimilinu og greindi frá því í viðtölum við lögreglumenn, sem voru tekin upp á
búkmyndavél, að hún hefði kæft drenginn um klukkan eitt um nóttina með því að setja kodda yfir vit hans.
Ákærða var handtekin og flutt á lögreglustöð.

Lögreglumenn frá tæknideild rannsökuðu vettvang og framkvæmd var líkskoðun á vettvangi af
D réttarlækni. Hald var lagt á hvítan kodda í stofu sem var með rauðleitum vökva en ákveðið að senda
hann ekki í DNA-greiningu þar sem lögreglumenn á vettvangi sögðu vökvann hafa lekið frá vitum
drengsins er þeir færðu hann á gólfíð.

Lögregla fór í [...] í kjölfar þess að vinnu á vettvangi lauk, ásamt starfsmönnum barnaverndar,
þar sem brotþola B, eldri bróður A, var tilkynnt um andlát A. Greindi brotþoli frá því að hann hefði
vaknað um nóttina við að ákærða hélt fyrir vit hans, hann hefði náð að losa sig en hún hefði spurt hvort
hann vildi ekki deyja áður en hann yrði [...] ára því þá færi hann í góða heiminn. Kvaðst hann hafa svarað
neitandi, sofnað aftur og er hann vaknaði um morguninn hefði ákærða sagt að A væri veikur og færi ekki
í skólann.

Lögregla rannsakaði síma ákærðu og kom í ljós að hún hafði rætt þrisvar sinnum við C,
barnsföður sinn og fyrrverandi eiginmann, þann 30. janúar 2024, síðasta símtalið kl. 18:47. Þann sama dag
var símtal kl. 12:26 við óþekktan notanda á Whatsapp, sem ákærða greindi frá í skýrslutöku hjá lögreglu
að hafði verið við systur hennar í [...]. Í tölvupóstgögnum mátti sjá að þann 19. janúar 2024 sendi ákærða
leigusala sínum tölvupóst þar sem hún vildi færa leigusamninginn yfir á nafn fyrrverandi eiginmanns þar
sem ákærðu grunaði að hún væri með [...]krabbamein en leigusali hafnaði því. Þann 25. s.m. sendi
ákærða leigusalanum tölvupóst þar sem hún sagðist vilja segja samningnum upp. Einnig mátti sjá
smáskilaboð með áminningum í síma ákærðu dagana 24. og 28. janúar 2024 um að ákærða ætti að mæta í
[læknisrannsókn] þann 29. janúar 2024. Einnig mátti sjá smáskilaboð með áminningum 17. og 30. janúar
2024 um tíma í brjóstaskimun þann 31. janúar 2024. Í símanum voru skjáskot af forritinu Google Translate.
Klukkan 12:51 þann 30. janúar 2024 voru skjáskot rituð á [...] með ensku þýðingunni „I want to surrender
myself. I confess“. Klukkan 02:26, 02:27 og 05:19 þann 31. janúar 2024 voru skjáskot rituð á [...] með
ensku þýðingunni „the nearest police“.

Rannsókn málsins var yfirgripsmikil og liggja fyrir ýmsar skýrslur tæknideildar, svo sem vegna
vettvangsrannsóknar, rannsóknar á fatnaði brotþola A og ákærðu, vegna muna á vettvangi, fatnaðar í
þvottavél svo og ljósmyndaskýrslur tengdar þeim rannsóknum. Einnig liggur fyrir upplýsingarskýrsla
vegna símtals við Neyðarlínu, rannsakaðir voru símar ákærðu, brotþola B og fyrrverandi eiginmanns

ákærðu og aflað var matsgerðar Rannsóknastofu HÍ. Er ekki talin ástæða til að rekja efni þeirra skýrslna sérstaklega. Þá liggja fyrir skýrslur vegna réttarlæknisfræðilegra skoðana og krufningar, auk þess sem tekin skýrsla í Barnahúsi af brotþola B, og er gerð sérstök grein fyrir þeim skýrslum hér á eftir. Ekki þykir ástæða til að rekja efni lögregluskýrslu af fyrrverandi eiginmanni ákærðu frá 2. apríl 2024, en hann gaf skýrslu fyrir dómi.

Réttarlæknisfræðilegar skoðanir

Í málinu liggur fyrir réttarlæknisfræðileg skoðun á B framkvæmd 31. janúar 2024 af D réttarlækni. Niðurstaða hennar var að B væri með áverka á brjóstbaki sem hefði komið til fyrir sljóan kraft í formi þrýstings gegn ójöfnu eða kanti.

Sama dag var gerð réttarlæknisfræðileg skoðun á ákærðu af sama lækni en lyf, vímuefni eða áfengi fundust ekki í þvag- og blóðsýnum. Ákærða var með skrámu á vinstri framhandlegg sem benti til að hafa komið til fyrir sljóan kraft í formi skröpunar gegn hörðum kanti, skráma með þetta útlit gæti skýrst af klóri með fingurnögl. Ákærða var einnig með rispu á hægri hendi sem gæti hafa komið til fyrir sljóan kraft í formi skröpunar gegn hörðum kanti eða oddi.

Þann 1. febrúar 2024 framkvæmdi D útvíkkaða réttarkrufningu á líki A. E réttarlæknir sá niðurstöður og myndir frá krufningunni og tók þátt í túlkun rannsóknarinnar og ritaði ásamt D undir bráðabirgðaskýrslu. Þar kemur fram að rannsóknarniðurstöður, að teknu tilliti til kringumstæðna dauðsfallsins eins og þeim hafi verið lýst af lögreglu, bendi til að dauðsfallið sé afleiðing athafna annars manns (manndráp).

Skýrsla D og E um útvíkkaða réttarkrufningu á A, unnin með sama hætti og í bráðabirgðaskýrslu, er dagsett 27. mars 2024. Þar kemur fram að rannsóknarniðurstöður bendi sterklega til þess að dánarorsökin hafi verið köfnun vegna ytri krafts og bendi til þess að krafturinn hafi, í formi þrýstings, komið yfir vitin og verkað gegnt hálsinum og efri hluta brjóstins. Í gögnum frá lögreglu komi fram að grunaður gerandi hafi sagst hafa sett hönd eða hendur yfir andlit A, þar sem teppi eða þunnur koddur hafi verið á milli, og þannig kæft hann. Það sem komið hafi fram við rannsóknina samræmist því að dánarorsökin hafi verið kæfing með þessum hætti. Við útvíkkaða rannsókn hafi ekki komið fram nein önnur möguleg eða líklegri dánarorsök. *Dánaratvik:* Rannsóknarniðurstöður og kringumstæður dauðsfallsins bendi sterklega til þess að dauðsfallið hafi verið manndráp.

Skýrslur ákærðu hjá lögreglu

Í skýrslutöku hjá lögreglu 31. janúar 2024 greindi ákærða frá því að hún byggi ein með drengjunum. Í fjölskyldunni væri saga um krabbamein og tveimur árum áður hefði læknir hennar sagt hana vera í áhættuhópi og viljað senda hana í [læknisrannsókn]. Stuttu áður hefði hún fengið boðun í brjóstaskimun. Svefn hefði verið vandamál og hún hefði verið þreytt, þunglynd og stressuð. Ákærða kvaðst hafa beðið leigusalann um að setja íbúðina á nafn fyrrverandi eiginmanns því hún væri þreytt andlega og vildi fara. Hún hefði verið kvíðin og stressuð yfir því hvað yrði um börnin en „við hugsum ef barn deyr“ að það fari í fallegan heim. Ákærða kvaðst ekki vita hvers vegna þetta hefði komið upp í huga hennar en hún kvaðst finna fyrir miklu þunglyndi og vera þreytt. Hún hefði átt að yfirgefa íbúðina um mánaðamótin, verið undir miklu álagi með litlar tekjur og ekki sofið.

Aðspurð hvernig A hefði dáið kvaðst ákærða hafa kæft hann með því að setja koddan yfir andlit hans en hann hefði verið með sæng eða teppi yfir höfðinu eins og alltaf þegar hann svæfi. Aðspurð hvað hefði orðið til þess að ákærða tók þessa ákvörðun kvaðst hún hafa átt að fara í krabbameinsskoðun þennan dag og farið í [læknisrannsókn] nokkrum dögum áður. Þó að læknir hefði sagt að hún væri ekki með krabbamein hefði hún haldið annað. Þá hefði hún farið að hugsa um börnin. Aðspurð hvenær þetta hefði gerst svaraði ákærða um klukkan eitt.

Aðspurð hvort hún hefði gert eitthvað við B svaraði hún að í heimalandinu sé hugsunin að börnin fari í fallegan heim og hugsun sín hafi verið að börnin myndu deyja og hún líka. Hún hefði viljað gera eitthvað við hann og reynt en ekki getað meir. Hún hefði sett höndina við andlitið á honum en hann hefði strax vaknað. Ákærða kvaðst hafa snert hann en ekki ýtt eða þrýst. Hún hefði ætlað að reyna að kæfa hann

en fundist það erfitt því hann væri eldri. Hún hefði sagt við B að hún vildi að honum liði vel en hann hefði sagt nei og þá hefði hún bara sagt: „ókei, elskan“. Aðspurð sagðist ákærða hafa hætt við árásina á B því hann hefði sagt nei. Ákærða sagðist fyrst hafa ráðist að A og síðan á B en þá hefði A verið látinn. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa gefið A tækifæri til að segja nei.

Ákærða kvaðst aðspurð hafa verið í uppþvottahönskum um nóttina, hún hefði verið að þrifa og það væri fatnaður í þvottavélinni. Ákærða kvaðst ekkert hafa sofið um nóttina. Aðspurð um andleg veikindi sagðist ákærða vera með streitu, hafa farið nokkrum sinnum á spítala en henni hefði verið sagt að þetta væri bara stress. Hún hefði þráhyggju fyrir veikindum og þá yrði hún þunglynd, hefði verið þunglynd undanfarið og ekki viljað fara neitt nema til læknis.

Ákærða kvaðst hafa hugsað í nokkra daga að drengirnir færu á betri stað ef þeir væru dánir, sérstaklega þegar hún fór í [læknisrannsókn] og eftir að brjóstaskoðun kom upp. Hún hefði hugsað þetta tveimur dögum áður en sagt nei við sjálfa sig.

Aðspurð hvort hún hefði heyrt raddir sagðist ákærða stundum heyra eins og kallað væri „mamma, mamma“ þegar drengirnir væru í skólanum. Aðspurð hvort ákærða heyrði eitthvað annað eða hvort einhverjir væru að tala við hana svaraði ákærða að henni fyndist eins og einhver rödd segði „mamma“ en röddin hefði ekki sagt neitt annað og að hún hefði ekkert heyrt þessa rödd síðasta sólarhringinn.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 6. febrúar 2024 var ákærða beðin um að segja frá atvikum frá því að A fór að sofa í hjónarúmi þar til hann hefði verið kominn inn í stofu. Ákærða kvaðst hafa fært A sofandi inn í stofu og þar hefði hann dáíð. Hún hefði verið mjög veik og A mjög háður henni en hún hefði viljað að hann kæmist til himnaríkis frekar en að vera án hennar og núna sé hann hvíldur og tali daglega við hana. Ákærða sagði A hafa verið hlējandi þegar hann fór til himnaríkis. Ákærða sagði engan annan hafa komið inn í stofu eða að andlát A og B hefði á engum tímapunkti vitað að A væri látinn. Ákærða játaði að hafa skipt um föt á A og sett þau í þvottavél ásamt teppi sem hann var með yfir sér en hún héldi að hann hefði verið búinn að pissa á sig áður en hann dó. Ákærða kvaðst ekki vita hvort hann hefði verið lifandi eða dáinn þegar hún skipti um föt á honum en honum hefði verið kalt.

Ákærðu var birt nálgunarbann og henni kynnt að hún mætti ekki setja sig í samband við B. Ákærða kvaðst hafa sagt við hann að hún vildi fara með hann til himnaríkis og hann hefði ekki hatað hana fyrir það. Hún hefði ætlað að fara með hann til himnaríkis en hann ekki viljað það. Aðspurð hvernig ákærða hefði ætlað með B til himnaríkis svaraði hún: „þú veist hvernig“.

Þriðja lögregluskýrsla var tekin af ákærðu á [...] 14. febrúar 2024. Ákærða kvaðst hafa farið með A og B inn í rúm, B verið innst, A í miðjunni og hún yst. Drengirnir hefðu sofnað en ekki hún. Aðspurð hvers vegna hún hefði farið með A inn í stofu sagði ákærða hugsanir hafa komið yfir sig um hvað yrði um drengina ef eitthvað kæmi fyrir hana, það hefðu komið raddir og sagt henni að gera þetta og hitt og bjarga þeim. Raddirnar hefðu sagt ákærðu að leyfa A að fara á betri stað en hún kvaðst hafa farið fram og verið með sjónvarp í gangi og rennandi vatn til að láta raddirnar fara. Ákærða kvaðst hafa verið að reyna að vinna til að röddin talaði ekki við hana og svo hefði hún ákveðið að fara með A til himnaríkis því honum myndi líða betur þar og verða fugl í himnaríki. Hún væri með krabbamein og vildi ekki deyja eins og móðir hennar. Hún velti fyrir sér hvað yrði þá um drengina. Ákærða sagðist hafa lagt A í sófann og breitt upp fyrir höfuð hans, sett höndina yfir andlit hans og kæft hann. Hún hefði sagt við hann: „þú ferð á betri stað núna“. Teppi og þunnur koddur hefðu verið milli handar hennar og höfuðs A er hún kæfði hann. Ákærða kvaðst ekki muna hvort hún hefði notað aðra höndina eða báðar og ekki vita hversu lengi hún hefði haldið en það hefði verið smá tími. Aðspurð hvort hann hefði barist á móti sagði hún hann hafa hreyfst, hún hefði fundið það og hugsað að hann væri að fara á öruggan stað, annars myndi hún deyja og hann þjást á eftir henni. Aðspurð hvar ákærða hefði ýtt á höfuð A er hún kæfði hann benti hún á vit sín.

Aðspurð hvort ákærða hefði verið að hugsa um að taka eigið líf kvaðst hún hafa hugsað það um þau öll, A, svo B og síðan sjálfa sig, en ekki hafa verið komin með plan um hvernig hún hefði ætlað að taka eigið líf. Ákærða kvaðst ekki muna hversu langur tími hefði liðið frá því að A dó þar til hún fór inn til B. Hún hefði skipt um föt á A eftir að hún fór inn til B. Raddir hefðu verið að segja henni að senda B líka á betri stað. Aðspurð hvers vegna ákærða hefði verið með rennandi vatn í gangi sagðist hún ekki vita

það, hún hefði heyrt raddir en ekki viljað það en hún hefði skrúfað frá því það hefðu verið mikil læti í höfðinu á henni. Ákærða kvað alltaf vera mikil læti í höfðinu á sér.

Aðspurð hvort ákærða hefði íhugað að gera þetta í tengslum við [læknisrannsókn], líkt og fram hefði komið í fyrri skýrslutöku, sagði ákærða að hún hefði hugsað það þá og þegar hún hefði átt að fara í brjóstakrabbameinsskoðun daginn eftir en mamma hennar hefði fengið krabbamein. Aðspurð hvers vegna ákærða hefði hætt við þegar hún hefði íhugað þetta í fyrra skiptið svaraði hún að hún myndi sakna barnanna og hefði hætt við vegna þeirra.

Aðspurð út í raddirnar sem hún hefði greint frá kvað ákærða þær minnka og aukast en aðspurð hvað raddirnar segðu kvað hún þetta ekki vera raddir heldur læti. Þegar þetta hefði gerst með strákana hefðu þetta verið hugmyndir, annars bara læti. Aðspurð hvort það hefðu verið læti eða raddir að segja henni að gera eitthvað þegar A dó kvað ákærða raddir hafa sagt henni að gera svona. Svo hafi hún einnig verið að hugsa að það væri erfitt fyrir þá að vera án hennar og að hún vildi fara með þá á betri stað. Aðspurð um að hún hefði neitað því að hafa heyrt raddir í fyrstu skýrslutöku svaraði ákærða: „hvernig koma þessar hugmyndir ef það er ekki verið að segja mér að gera þetta og ég var að berjast gegn því allan tímann?“.

Fjórða lögregluskýrsla var tekin af ákærðu á [...] LSH þann 14. mars 2024. Aðspurð hvort ákærða hefði skilið starfsmann Neyðarlínunnar þegar hún hringdi svaraði hún því til að hún hefði viljað játa verknaðinn á sig en eingöngu sagt að A væri dáiinn. Hún hefði ætlað að segja sannleikann en verið stressuð og beðið eftir að þeir kæmu en þá myndi hún útskýra. Aðspurð hvað hún hefði gert í símanum um nóttina kvaðst hún ekki muna það. Aðspurð hvort hún hefði notað Google Translate um nóttina kvaðst hún ekki halda það en það væri í símanum hefði hún notað það. Þrjú skjáskot tekin kl. 02:26, 02:27 og 05:19 af Google Translate voru borin undir ákærðu þar sem þýtt var af [...] yfir á ensku „the nearest police“. Ákærða kvaðst hafa verið að hugsa um að fara sjálf með A á næstu lögreglustöð því það sé vani í [...] að drápsmaður geri það en hún hefði ekki vitað hvernig hún ætti að gera það. Hún hefði ætlað með hann til læknis því að hún hefði ekki verið viss um hvort hann væri dáiinn en hann hefði verið of þungur. Öll skjáskotin hefðu verið eftir að A var látinn.

Aðspurð um skjáskot af Google Translate kl. 12:51 þann 30. janúar 2024 þar sem þýtt var af [...] yfir á ensku „I want to surrender myself. I confess“ kvaðst ákærða hafa verið að hugsa um að viðurkenna þetta. Hún myndi það ekki. Hún hefði haft rödd í heilanum á sér í nokkra daga áður. Það gæti verið að hún hefði viljað viðurkenna að hún væri með alls konar hugmyndir og með raddir og það gæti verið að hún hefði viljað segja við einhvern sem hún þekkti hvað væri í gangi. Hún hefði viljað segja C en hún hefði ekki treyst honum og verið hrædd um að hann myndi gera grín að henni.

Aðspurð kvaðst ákærða hafa haft hugsanir um að taka líf drengjanna tveimur dögum áður í tengslum við [læknisrannsókn] og langað að segja C hvað væri í gangi, hún hefði verið þunglynd og henni liðið illa. Ákærða kvaðst vera fórnarlamb og ætti að refsa einhverjum væri það C, hann hefði farið mjög illa með hana og brotið á henni. Aðspurð hvað raddirnar hefðu sagt við hana um nóttina sagði ákærða þær hafa sagt að það væri langbest að senda drengina í betri heim því C væri ekki góður maður, hann væri kaldur. Ákærða kvaðst ekki hafa mátt fara í skóla eða á æfingu, hún hefði bara átt að vera heima.

Skýrsla brotþola B

Tekin var skýrsla af brotþola B í Barnahúsi þann 1. febrúar 2024 þar sem hann greindi frá því að hann hefði vaknað við að haldið var með annarri hendi um hnakkann á honum og með hinni fyrir vit hans þannig að höfði hans var ýtt í rúmið og hann gat ekki andað. Hann hefði ekki vitað hver þetta var en viðkomandi hefði verið í bláum gúmmíhönskum. Brotþoli hefði reynt að taka manneskjuna af sér því að hann hefði ekki geta andað og beðið hana að hætta sem hún hefði gert. Brotþoli hefði þá séð að þetta væri ákærða og litið á klukkuna sem hefði verið tvö um nótt. Brotþoli kvaðst hafa verið hræddur um að hann myndi deyja, hann hefði öskrað á [...] og beðið ákærðu að hætta. Hún hefði ekki sagt neitt en eftir smá stund hefði hún spurt hvort hann væri viss um að hann vildi ekki deyja, hvort faðir hans yrði ekki bara með vandamál og hvort hún gæti verið viss um að brotþoli færi með bænir eftir að hann yrði [...] ára. Ákærða hefði sagt að [...] sem ekki færu með bænir eftir [...] ára færu til helvítis en gætu farið til himnaríkis ef þeir myndu deyja fyrir þann aldur. Brotþoli kvaðst hafa sagt að hann vildi ekki deyja. Hann hefði spurt

ákærðu hvort hann mætti fá símann sinn því að hann hefði ætlað að hringja í lögregluna en ákærða neitað því og sagt að hún ætlaði sjálf að hringja í lögregluna. Ákærða hefði farið út úr herberginu en komið aftur og þá verið með gula uppvottahanska og skolfið á höndunum. Brotapoli sagði að daginn áður hefði ákærða spurt hann hvort honum þætti betra að deyja eða lifa en hún hefði spurt bæði hann og A að því um fjórum dögum áður. Brotapoli hefði svarað að hann vissi það ekki en A hefði sagt nei, að hann vildi ekki deyja. Brotapoli kvað engan annan hafa verið á heimilinu. Brotapoli sagðist hafa farið að sofa um kl. 21:30 í stóra rúminu en A um kl. 21:00 í sama rúmi að því er brotapoli taldi en þegar hann hefði vaknað um nóttina hefði A ekki verið í rúminu. Brotapoli kvaðst hafa farið fram um nóttina og séð A í sófanum á bakinu með teppi yfir sér og hann hefði verið eins um morguninn þegar brotapoli fór í skólann en með teppið breitt aðeins hærra.

II

Matsgerðir geðlækna

G geðlækni var þann 1. febrúar 2024 falið af dómara að framkvæma geðrannsókn á ákærðu og lá matsgerð fyrir þann 18. apríl 2024. Í samantekt og niðurstöðum kemur m.a. fram að matsmaður ræddi við ákærðu í fjögur skipti á fimm vikna tímabili, fyrst 31. janúar og síðast 9. mars 2024. Í niðurstöðukafla kemur fram að ákærða, sem hefði enga fyrri sögu um alvarlegan geðrænan vanda, hefði sýnt fína samvinnu í viðtölum, en í þeim hefði ákærða uppfyllt greiningarskilmerki fyrir þunglyndi og geðrofseinkennum. Ákærða hefði leitað ítrekað til lækna vegna líkamlegra einkenna, hræðslu um að hún glímdi við krabbamein og verið hrædd um líf sitt. Á þessum tíma hefði hún verið undir miklu álagi, nýlega skilin, hrædd um framtíð barna sinna ef hún félli frá, auk þess að hafa áhyggjur af framfærslu og húsnæðismálum. Ákærða hefði talið betra fyrir drengina að deyja en að þurfa að þjást í þessum heimi án stuðnings frá móður. Ákærða hefði greint frá einkennum sem samsvöruðu þunglyndi í að minnsta kosti mánuð fyrir atburðinn og að hugsanir um að drepa börnin til að koma þeim til himnaríkis hefðu leitað á hana í nokkra daga þar á undan. Hún hefði því getað stöðvað sig þegar þessar hugsanir leituðu á hana í einhverja daga fyrir atburðinn.

Flækt hefði málin að ákærða hefði, þegar leið á geðmatið, rætt um að raddir hefðu sagt henni að drepa drengina. Erfiðlega hefði gengið að fá heildstætt mat á því hvort um hennar eigin hugsanir hefði verið að ræða eða utanaðkomandi raddir en ákærða hefði verið missaga þegar reynt hefði verið að fara nánar út í þau atriði. Þegar heildarmyndin væri virt finnast matsmanni líklegra að um eigin hugsanir ákærðu hafi verið að ræða þar sem hugsanainnihald hafi fremur verið litað af þunglyndi en af utanaðkomandi stýrandi/skipandi röddum. Ákærða hefði neitað röddum í fyrsta viðtali sem var innan sólarhrings frá atburði. Auk þess hefðu engin önnur atferliseinkenni sem bentu til heyrnarofskynjana komið fram í viðtölum eða í tveggja vikna legu á [...]. Ákærða skilji reglur og lög samfélagsins og muninn á réttum og röngum athöfnum og afleiðingum þeirra. Hún hefði lýst því í viðtali að hún hefði áttað sig á að hún hefði breytt rangt. Hún hefði ekki látið til skarar skrifa þegar hugsanirnar komu upp, að auki hefði hún fært A í annað herbergi, að hennar sögn til að vekja ekki B við aðfarirnar, auk þess að spyrja B hvort hann myndi segja frá hvað hún hefði gert við hann eftir að henni mistókst að kæfa hann.

Ákærða var því að mati matsmanns alls ekki ófær um að bera ábyrgð á og stjórna gjörðum sínum. Það væri hins vegar faglegt mat matsmanns að á verknáðarstundu hefði ákærða verið haldin alvarlegum geðsjúkdómi, þunglyndi með geðrofseinkennum, sem hafði áhrif á hegðun hennar, dómgreind og ákvarðanatöku. Hún hefði verið handviss um að hún væri með krabbamein og börnin hennar væru betur sett dái en umkomulaus án hennar. Ákærða væri nú í meðferð með [...] og matsmaður taldi hana ekki vera í bráðri hættu á að skaða sjálfa sig eða aðra fengi hún viðeigandi langtímaeftirfylgd og lyfjameðferð.

Niðurstaða matsmanns var að ekkert benti til þess að ákærða hefði verið alls ófær um að bera ábyrgð á og stjórna gerðum sínum skv. 15. gr. almennra hegningarlaga.

Hvað varði 16. gr. sömu laga væri ekkert sem benti til að refsing gæti ekki borið árangur. Hafa yrði þó í huga að í viðtölum hefði ákærða uppfyllt greiningarskilmerki fyrir alvarlegu þunglyndi með geðrofseinkennum, nokkru fyrir atburðinn, á verknáðarstundu og eftir atburðinn. Nauðsynlegt væri að veita og tryggja ákærðu lyfja- og samtalsmeðferð í öruggu umhverfi vegna þunglyndis.

Þann 3. maí 2024 voru dómkvödd sem yfirmatsmenn geðlæknarnir F og M. Í samantekt matsgerðar þeirra, sem er mjög ítarleg, dags. 3. júlí 2024, kemur m.a. fram að yfirmatsmenn hafi horft á skýrslur ákærðu hjá lögreglu, auk þess að afla upplýsinga varðandi ákærðu úr sjúkraskrá varðandi fyrri sjúkdóma, meðferðir, greiningar og rannsóknir. Sjúkraskrárskýrslur frá [...] Landspítala hafi verið yfirfarnar sem og gögn frá heilsugæslu, [...], [...], [...] og Útlendingastofnun.

Samantekt gagna, geðskoðana og viðtala, sem voru sjö talsins á tímabilinu 9. maí til 28. júní 2024, er í 21 tölulíð. Þar kemur m.a. fram að ekkert í gögnum eða viðtölum bendi til þess að ákærða eigi fyrri sögu um alvarlegan geðsjúkdóm á borð við geðrofssjúkdóm. Ákærða eigi fyrri sögu um geðrænan vanda sem hafi fyrst og fremst verið endurtekið þunglyndi og kvíðaeinkenni. Hún eigi einnig sögu um árátu- og þráhyggjulík einkenni. Hún hafi verið vansæl meira eða minna frá komu til Íslands, fundist erfitt að búa hér og verið slæm af líkamlegum verkjum, kvíða og áhyggjum af eigin heilsufari með þráhyggjukennar hugsanir um að vera komin með krabbamein, sem skv. fyrirverandi eiginmanni hafi versnað um þremur mánuðum fyrir atburð. Ákærða hafi verið flóttamaður frá [...] í [...], [...], [...] og [...], allt þar til hún hafi fengið dvalarleyfi á Íslandi í desember [...] til desember sem flóttamaður með viðbótarvernd. Hún hafi [...] á flótta og verið aðskilin frá syni sínum B þegar hann var tveggja til fjögurra ára og ekki fengið dvalarleyfi í landi þar sem fjölskylda hennar búi en elsti sonur hennar búi í [...]. Ákærða hafi átt erfið ár sem flóttamaður í [...] með mjög litlum stuðningi, ófullnægjandi aðstöðu fyrir fjölskylduna og mætt miklum fordómum. Sterkar vísbendingar séu um að ákærða sé með áfallastreituröskun og sum þunglyndiseinkenni og skert aðlögunarfærni geti skýrst af því. Ákærða sé að mati matsmanna með eðlilega greind, en ekki hafi verið talið áreiðanlegt að leggja greindarpróf fyrir hana. Ákærða hafi ekki verið í vinnu á Íslandi og tilraunir til starfsendurhæfingar hafi ekki borið árangur, auk þess sem hún hafi ekki ráðið við að sækja þjónustu sem henni hafi staðið til boða og eigi erfitt með að tileinka sér nýja hluti og aðlagast íslensku samfélagi. Hún sé háð fyrirverandi eiginmanni, sem hún sé ekki í góðu sambandi við, sé félagslega einangruð, án tengslanets og ráði illa við að vera einstæð móðir. Þjargráð ákærðu virðist því að mörgu leyti takmörkuð sem geti skýrst af samblandi langvinnrar áfallastreituröskunar, þunglyndi og mögulegri lágrí greind. Mánuði fyrir atburð hefði ákærða verið undir miklu álagi með versnandi andlegri líðan með þunglyndis- og kvíðaeinkennum. Hún hefði upplifað sig nauðbeygða til að taka saman við fyrirverandi eiginmann en hann hefði ekki verið tilbúinn til þess enda kominn með kærustu.

Í upptökum úr bókmyndavél lögreglu, við skýrslutöku lögreglu og í viðtölum við geðlækni fyrstu dagana eftir atburðinn sjáist ekki merki um hegðun sem bent geti til alvarlegs geðrofs eða ruglástands. Ákærða hefði ekki verið metin í geðrofi af geðlækni í fyrstu viðtölum eftir atburð. Í öllum viðtölum yfirmatsmanna við ákærðu hefðu engin skýr merki um geðrof eða geðrofssjúkdóm sést.

Ákærða hefði neitað röddum í fyrsta viðtali við geðlækni. Tæpum hálfum mánuði eftir atburð hefði ákærða sagt í fyrsta sinn frá röddum sem hefðu sagt henni að senda synina til himna. Í viðtölum hefði ekki fengist skýrt fram hvort ákærðu hefði fundist hún nauðbeygð til að fylgja fyrirmælum raddanna. Hún hefði í viðtölum ekki greint á milli hvort um raddir eða hugsanir væri að ræða. Ákærða hefði gefið mismunandi skýringar á því hvers vegna hún hefði ekki strax sagt frá röddum en einnig haldið því fram að hún hefði sagt strax frá þeim. Við það hefði bæst nokkrum mánuðum eftir atburð að ákærða teldi fyrirverandi eiginmann hafa staðið á bak við atburðinn með því að leggja á hana galdur sem hún tengdi við raddirnar.

Ákærða hefði í grunninn verið alvarlega þunglynd á verknaðarstundu og hennar mat á umheiminum og þær ákvarðanir sem hún hefði tekið hefðu verið verulega litáðar af þeirri rörsýn sem sjáist við alvarlegt þunglyndi. Hvort ástand hennar á verknaðarstundu hafi náð mörkum ranghugmynda í geðrofi væri erfitt að meta en það gæti verið. Það að hún hafi fært yngri son fram í stofu til að vekja ekki þann eldri og það að hún hafi ráðið við að stöðva drápstílaun á eldri syni bendi til þess að hún hafi haft einhverja stjórn og innsæi í gjörðir sínar. Þess vegna sé erfitt að segja að hún hafi algjörlega stjórnað af geðrofi. Líðið hafi að minnsta kosti 10 dagar frá atburði þar til ákærða hafi farið að ræða um raddir en lýsingar hennar hafi verið mjög breytilegar sem og hugmyndir um að fyrirverandi eiginmaður hafi lagt á hana galdra

og látið hana drepa soninn. Að mati yfirmatsmanna séu þessar hugmyndir frekar í ætt við eftiráskýringar eða réttlætningar á atburði en raunveruleg geðrofseinkenni.

Í niðurstöðum kemur fram að yfirmatsmenn telji ákærðu hafa verið sakhæfa á verknaðarstundu í skilningi 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ástand hennar gæti hafa náð mörkum geðrofs en hegðun hennar bendi þó til að hún hafi ekki algjörlega stjórnað af ástandi sínu heldur hafi haft eitthvert innsæi í gjörðir sínar.

Yfirmatsmenn voru beðnir um að meta hvort ástand ákærðu á verknaðarstundu hefði verið með þeim hætti að 16. gr. sömu laga ætti við um hana og hvort refsing gæti borið árangur. Niðurstaða þeirra var að fyrir atburð og á þeim tíma sem hann átti sér stað hefði ákærða verið alvarlega þunglynd með takmörkuð bjargráð og gengið illa að aðlagast íslensku samfélagi. Þunglyndi hennar hefði minnkað fimm mánuðum eftir atburð, auk þess sem hún hefði verið samtals 10 vikur á [...] en við það hefði dregið úr þunglyndi og sjálfsvígshugsunum. Ákærða treysti sér alls ekki til að vera í fangelsi og muni þurfa gríðarlegan stuðning, færniþjálfun og sérhæfða [...] til að geta verið í fangelsi. Langtímahorfur varðandi sjálfsskaða séu og verði mjög slæmar fái hún ekki viðeigandi stuðning og meðferð.

III

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða greindi frá því að raddir í höfði hennar hefðu sagt henni að senda drengina til himnaríkis en kannaðist ekki við að raddirnar hefðu sagt eitthvað annað. Ákærða kvaðst aðspurð hafa byrjað að heyra raddirnar um nóttina en nánar spurð kvaðst hún hafa heyrt þær nokkrum dögum fyrr og þá hefðu þær sagt að hún ætti að senda drengina til himnaríkis. Ákærða kannaðist ekki við að hafa svipt son sinn, A, lífi og sagði hann hafa flogið til himnaríkis. Aðspurð hver hefði þá svipt A lífi kvaðst ákærða elska börnin sín. Aðspurð hver hefði tekið ákvörðun um að kæfa drengina svaraði ákærða: „þeir“ og raddirnar hefðu sagt: „settu kotta á andlitið á honum“. Ákærða sagði A hafa flogið, verið hlējandi og hún skipt um föt á honum, beðin um að lýsa því hvernig hún hefði sett koddann á A. Ákærða kannaðist við að hafa veist að B, eldri syni, eins og A. Ákærða sagði að raddirnar hefðu komið daglega og sagt henni að senda þá á öruggan stað því móðir væri veik, aðspurð hvort hún kannaðist við að hafa sett hönd fyrir vit og á hnakka B og þrýst honum niður í rúmdýnu. Aðspurð hvernig B hefði losað sig úr takinu kvað ákærða hann hafa vaknað og sagt: „ég vil ekki fara til himnaríkis“. Raddirnar hefðu farið þegar B vaknaði.

Ákærða kvaðst hafa farið umrætt kvöld ásamt drengjunum inn í hjónaherbergi og þau verið öll í sama rúmi en hún kannaðist ekki við að hafa heyrt raddir á þeim tímapunkti. Hún hefði borið A sofandi inn í stofu því að hún hefði ekki getað sofnað. Raddirnar hefðu komið í hausinn á henni og sagt henni að senda þá til himnaríkis. Ákærða kvaðst hafa vaskað upp og kveikt á sjónvarpinu til að heyra ekki raddirnar en þessa nótt hefði hún heyrt mikið í þeim og þær sagt henni að kæfa eldri drenginn. Ákærða sagðist hafa séð drengina eftir atburðinn og þeir hefðu sagt: „mamma, við elskum þig og erum sátir“.

Ákærða var beðin um að útskýra hvers vegna hún segði nú að raddir hefðu sagt henni að koma drengjunum til himnaríkis, þegar hún hefði neitað því í skýrslu hjá lögreglu 31. janúar að hafa heyrt raddir, nema að hafa heyrt stundum „mamma, mamma“ þegar drengirnir voru í skóla. Ákærða sagði raddirnar ekki hafa sagt það, heldur hefðu þær sagt henni að koma þeim til himna. Borið var undir ákærðu að hún hefði neitað í sömu skýrslu að hafa heyrt raddir sl. sólarhring en hún sagði raddir hafa komið sama kvöld og e.t.v. hefði svar hennar verið ranglega þýtt af túlki. Ákærða staðhæfði að hafa sagt við G geðlækni að [...] tryðu á galdra og að þetta væru galdrar, spurð hvers vegna hún hefði ekki minnst á raddirnar við G þennan dag. G hefði sagt að hún tryði ekki á galdra. Spurð hvers vegna hún hefði ekki greint frá röddum í lögregluskýrslu þann 6. febrúar kvaðst ákærða hafa hætt að tala um það þar sem lækni hún hefði lokað á þetta. Beðin um að útskýra að hún hefði fyrst talað um raddir í lögregluskýrslu þann 14. febrúar kvaðst ákærða ekki hafa vitað að þetta væri sjúkdómur og hafa sagt frá þegar hún vissi það. Ákærða kvaðst hafa verið í áfalli þegar lögregla kom á vettvang, hún hefði ekki vitað hvort A væri lifandi eða dáinn, hún hefði aldrei verið í þessum aðstæðum áður og því hefði hún ekki sagt frá röddunum. Ákærða kvaðst hafa verið mjög hrædd og stressuð, mjög veik, þunglynd og með krabbamein, spurð út í að hún hefði sagt á vettvangi: „I killed him“ og sýnt hvernig hún hefði kæft A með kotta. Ákærða kannaðist ekki við rispu á handlegg

við skoðun læknis þann 31. janúar. Aðspurð hvort A hefði barist um kvað ákærða hann hafa hreyft sig aðeins sofandi undir teppinu. Hún hefði ekki haldið koddanum lengi yfir andliti hans en þetta hefði ekki verið hún heldur einhver annar og hún hefði ekki fundið fyrir neinu. Ákærða kannaðist ekki við að hafa spurt drengina nokkrum dögum áður hvort þeir vildu deyja en að hún hefði e.t.v. sagt að þau myndu öll deyja einhvern tímann.

Ákærða kannaðist við að hafa þýtt úr [...] á ensku með Google Translate: „I want to surrender myself. I confess“ því að hún hefði viljað tala við einhvern um þessar raddir en ekki vitað við hvern. Ákærða neitaði að hafa þá verið búin að ákveða að deyða drengina. Ákærða kvaðst hafa leitað til lögreglunnar um nóttina til að segja frá röddunum. Ákærða kvaðst hafa verið í áfalli og ekki vitað um hvað hún væri að tala, beðin um að útskýra að hún hefði einnig sagt að það hefði verið erfiðara að kæfa B því hann væri eldri. Ákærða kvaðst aðspurð muna eftir því að hafa reynt að kæfa B en að það væri útilokað að það hefði verið hún. Raddirnar hefðu sagt: „sendu þá til himnaríkis“ og raddirnar hætt þegar B vaknaði.

Ákærða sagði fangelsisvistina mjög erfiða, henni fyndist hún fá meiri hjálp á [...] þar sem allir væru góðir og þar væri ekki læst. Ákærða kvaðst aðspurð skilja vel túlkinn sem væri að túlka en sumir túlkar skildu hana ekki fullkomlega. Beðin um að lýsa röddunum sagði ákærða alltaf vera læti í hausnum á sér eins og rafmagn, hún heyrði í nafnlausum persónum og aðallega karlmannsraddir. Ákærða kvaðst aðspurð yfirleitt ekki heyra á hvaða tungumáli raddirnar töluðu en þetta kvöld hefði hún heyrt [...]. Ákærða kvað aðspurð raddirnar hafa komið fyrst fyrir nokkrum árum en þá hefði hún verið mjög veik og henni verið sagt að það væru andleg veikindi. Ákærða kvaðst aðspurð heyra raddirnar alla daga, síðast kvöldinu áður, en hún gæti útilokað þær með eyrnatöppum. Í hennar menningarheimi fylgdi því skömm að heyra raddir og þess vegna hefði hún ekki viljað segja frá þeim.

Lögreglumaður nr. H greindi frá því að hann hefði verið fyrstur á vettvang ásamt öðrum lögreglumanni vegna tilkynningar um barn sem andaði ekki. Félagi hans, sem hefði verið aðeins á undan, hefði séð drenginn liggja í sófa undir ábreiðu með spenntar greipar og tekið hann upp en séð að drengurinn væri löngu látinn. Ákærða hefði verið í augsyn en ekki sýnt neina geðshræringu og þögnin verið þrúgandi. Hún hefði verið færð inn í herbergi en nokkru síðar hefði lögreglukona tjáð honum að ákærða hefði jatað að hafa banað syni sínum og hann hefði því farið að tala við hana. Ákærða hefði grátið en átt erfitt með að tjá sig á ensku og kvaðst hann halda að hann hefði spurt ákærðu hvað hún hefði gert. Kvaðst hann halda að hann hefði sagt við ákærðu: „how did you?“ og hún sýnt með látbragði að hafa gripið fyrir vitin, hann hefði þá sagt: „did you do like this?“ með látbragði á sjálfum sér og ákærða hefði jatað því, en hann vísaði að öðru leyti til upptöku úr bókmyndavél.

Lögreglumaður nr. I kvað allt hafa verið lokað er hann og félagi hans komu á vettvang og verið hleypt inn af ákærðu, sem hann hefði haldið að væri einhver sem byggði á stigaganginum því að hún hefði ekki sýnt nein svipbrigði. Hann hefði séð inn í stofu, þar sem drengurinn hefði legið í sófa undir teppi með spenntar greipar, kvaðst hafa hlaupið inn og gripið í upphandlegg hans, sem hefði verið stífur, sett drenginn á gólfið en hefði þá fundið að hann væri dáinn. Sjúkraflutningamenn, sem hefðu komið skömmu síðar, hefðu staðfest að hann væri látinn. Aðspurður kvað hann ákærðu hafa komið sér fyrir sjónir sem óvenju róleg, eins og ekkert hefði gerst.

Lögreglumaður nr. J staðfesti að hafa stjórnað rannsókn málsins og hafa ritað upplýsingaskýrslu um farsíma ákærðu. Ákærða hefði m.a. verið í tölvupóstsamskiptum vegna leigusamnings og verið á Google Translate þar sem hún hefði bæði verið að kanna með næstu lögreglustöð og verið að þýða úr [...] og ensku „I surrender, I confess“ í hádeginu daginn áður. Fundist hefðu þrjú eins skjáskot á mismunandi tímum nóttina 31. janúar með: „the nearest police“. Aðspurð kvaðst hún ekki hafa rætt við ákærðu á vettvangi en tekið skýrslu af henni síðar um daginn. Ákærða hefði komið sér fyrir sjónir sem mjög róleg og mjög trúuð. Ákærða hefði neitað því að hafa heyrt raddir en hefði sagst hafa heyrt: „mamma, mamma“. Kvað hún aðspurð ákærðu hafa skilið og svarað spurningum og kvaðst ekki hafa séð merki um geðtrufnanir. Ákærða hefði sagst hafa framið verknaðinn stuttu eftir miðnætti og síðan hafa reynt að deyða eldri drenginn, sem hefði ekki viljað það og hún þá hætt. Ákærða hefði sagt að hún hefði hringt svo seint í lögreglu því að þá hefði eldri drengurinn verið farinn í skólann. Aðspurð kvað hún ákærðu ekki hafa komið

með skýringu á því hvers vegna hún hefði ekki greint frá röddum fyrr en í þriðju skýrslutöku. Þegar ákærða hefði verið spurð út í raddir hefði hún dregið úr því og sagst hafa heyrt læti sem hún hefði reynt að yfirgnæfa með því að láta vatn renna en raddirnar hefðu ekki sagt neitt ákveðið. Í síðustu skýrslutöku lögreglu á [...] hefði ákærða greint frá því að hafa heyrt raddir sem hefðu sagt henni hvað hún ætti að gera en hún hefði ekki getað sagt hvað raddirnar hefðu sagt heldur svarað: „af hverju hefði ég annars átt að gera þetta?“. Kvaðst hún hafa fengið á tilfinninguna að ákærða hefði talað meira um raddir eftir því sem hún var innt nánar eftir því, án þess að hafa greint frá því hvað raddirnar hefðu sagt. Kannaðist hún ekki við að túlkar hefðu ekki skilið ákærðu, sem hefði aldrei gefið slíkt til kynna. Aðspurð sagði hún ákærðu hafa haft eðlilega einbeitingu og úthald í skýrslutökum og talað við geðlækni í eina og hálf klukkustund í kjölfar lögregluskýrslu þann 31. janúar. Úthald ákærðu í annarri skýrslutöku hefði verið minna en hún hefði þá verið í geðmati áður en hún gaf lögregluskýrslu og virtist vera sem ákærða hefði ekki alveg áttað sig á því hvað hún hefði sagt við geðlækni annars vegar og lögreglu hins vegar, því að hún hefði sífellt sagt hjá lögreglu að hún væri búin að segja þetta.

Lögreglufulltrúi nr. K, sem staðfesti skýrslur sínar í málinu, kvað mikið hafa verið í gangi á vettvangi en endurlífgunartilraunum verið hætt því að það hefði verið ljóst að drengurinn væri látinn. Aðrir lögreglumenn á vettvangi hefðu greint frá því að ákærða hefði sagt að hún hefði kæft barnið. Einu ytri ummerki á drengnum hefðu verið punktblæðingar í augum sem væru merki um köfnun, auk þess sem krufning hefði leitt í ljós að lungun hefðu verið yfirþanin.

D réttarlæknir staðfesti að hann hefði skoðað ákærðu þann 31. janúar 2024, sbr. skýrslu hans. Greindi hann frá því að ákærða hefði verið með skrámu á vinstri framhandlegg sem kæmi við sljóan kraft í formi skröpunar eða höggs. Staðfesti hann að útlit skrámunnar samræmdist klóri með fingurnögl. Einnig hefði verið minni rispa á hægri hendi. Hann hefði einnig framkvæmt réttarfræðilega líkamsskoðun á B, sem hefði verið með fíngerða leðurhúðarblæðingu á brjóstbaki, sem kæmi við snarpt högg með litlum höggþunga eða við þrýsting. Krafturinn þyrfti ekki að vera mikill til að framkalla slíka áverka. Kvaðst hann aðspurður geta staðfest að áverkinn hefði verið ferskur og komið aðfaranótt 31. janúar sl.

Þá staðfesti hann að hafa framkvæmt réttarkrufningu á líki A, sem hefði m.a. verið með áverka á andliti og öxlum í formi leðurhúðarblæðinga, skrámu á nefi og efri vör. Við dýpri krufningu hefði komið í ljós mjúkvefjablæðing í andliti inn við kinnkjálka og blæðingar í vöðvum barkakýlis og kokþrengivöðvum sem liggja aftan á barkakýlinu og á mótsvarandi stað á vöðvum sem væru í liðbandi framan á hrygg. Litlar blæðingar hefðu sést í mjúkvefjum á baki í sjalvöðva og í djúpum hnakkavöðvum sem tengist höfuðkúpubotni djúpt aftan á hnakka. Þá hefðu verið blæðingar í báðum hálsslagæðasliðrum sem væru staðbundnar en beggja vegna auk fleiri áverka m.a. blæðingar í húð brjóstbaks sem væru punktlaga en gætu verið leðurhúðarblæðingar. Samantekið hefðu áverkar í andliti, á hálsi og á öxlum komið til fyrir þrýsting eða sljóan þrýstingskraft yfir svæðið. Auk þess væri mikið af punktblæðingum í augnlokum og í slímhúð augna. Allt lagt saman leiddi til þess að skortur hefði orðið á blóðflæði um hálsinn samfara þrýstingi sem hefði leitt til dauða í formi köfnunar. Áðurnefndar blæðingar umhverfis og aftan á barkakýli sem færu saman við punktblæðingar bentu til þess að einnig hefði verið þrýstingur um hálsinn. Því hefði verið um að ræða sambland af lokun á loftvegi og hindrun í blóðflæði um hálsæðar, sem allt væri eflaust afleiðing þrýstings yfir sömu eða svipuð svæði þar sem vitin og hálsinn væru svo nálæg á svona lítilli manneskju. Þrýstingsáverkar á öxlum hefðu verið ferskir auk blæðinga á baki. Í heildina hefði verið þrýstingur á öllu þessu svæði, þ.e. yfir axlir, háls og vit.

E kvaðst staðfesta að hafa unnið skýrslu, dags. 27. mars 2024, ásamt D. Hann hefði framkvæmt krufninguna og hún síðan farið yfir myndefni, rannsóknarniðurstöður og skýrsluna sjálfa, sem væri í samræmi við verklag þegar hún væri ekki á landinu. Helstu niðurstöður væru þær að engar sjúklegar breytingar hefðu fundist hjá barninu eða breytingar í erfðamengi, sem útskýrðu dauðsfallið og engar réttar-efnafræðilegar skýringar, þ.e. engin eiturfæni, áfengi eða lyf í blóði. Krufning hefði leitt í ljós að eðli og staðsetningar áverka bentu til þess að þeir hefðu getað komið til við t.d. þrýsting yfir vitin, háls og brjóst. Lýsti hún ytri áverkunum og áverkum sem sáust við krufningu með sama hætti og D réttarlæknir. Áverkar hefðu verið ferskir og komið við sljóan kraft sem bentu til þess að kraftur hefði beinst að svæðum þar sem

áverkarnir voru. Slíkir áverkar sæjust ekki oft og þessir áverkar á nefsvæði, eyrum, undir kjálkabarði og undir höku og á og inni í munnsvæði væru þess eðlis að huga yrði að því hvort þrýstingi hefði verið beitt gegn þessum svæðum, þ. á m. hvort haldið hefði verið fyrir munn og nef. Upplýsingar hefðu verið í lögreglugögnum um að ákærða hefði lagt hendur yfir vit drengsins með púða og þunnu teppi á milli. Þessir áverkar samræmdust því sem gæti sést við slíka ákomu.

G geðlæknir, sem staðfesti matsgerð sína, greindi frá því fyrir dómi að hún hefði hitt ákærðu í fjögur skipti, í fyrsta skipti nokkrum tímum eftir atburðinn, og framkvæmt ítarlegt geðmat. Niðurstaða hennar eftir ítarleg viðtöl og mat á gögnum málsins væri sú að ákærða væri þunglynd með geðrofseinkennum. Eftir skoðun á 15. og 16. gr. almennra hegningarlaga væri það mat hennar að ákærða hefði ekki verið allsendis ófær um að stjórna gerðum sínum. Aðspurð kvað hún niðurstöðu um að ákærða væri sakhæf helst byggjast á því að ákærða hefði verið fær um að stjórna gerðum sínum að einhverju leyti því að hún hefði haft þessar hugmyndir í nokkra daga fyrir atburðinn og þá hefði hún getað stöðvað sig. Þá hefði ákærða að mati geðlæknisins ekki verið með stýrandi geðrofseinkenni á þeim tíma er verknaður átti sér stað. Ákærða hefði verið merkilega róleg í fyrsta viðtali þann 31. janúar en lýst miklum áhyggjum af líkamlegu ástandi en slíkt væri þekkt geðrofseinkenni þunglyndra einstaklinga. Aðspurð kvaðst hún hafa skimað fyrir öðrum geðrofseinkennum, á borð við heyrnar- og sjónofskynjanir og ofskynjanir almennt, sem og öðrum ranghugmyndum. Ákærða hefði neitað heyrnarofskynjunum í fyrsta viðtali en saga um raddir hefði komið síðar og hefði ákærða verið missaga, auk þess sem frásögnin hefði verið mjög ruglingsleg og breytileg. Það að ákærða hefði fundið sterka lykt væri það eina sem hefði komið fram um möguleg geðrofseinkenni en þrátt fyrir það væri það mat geðlæknisins að ákærða hefði ekki verið í geðrofi. Ákærða hefði talað um óhljóð eða vélarhljóð í næsta viðtali en í þriðja viðtali hefði ákærða byrjað að lýsa einhvers konar heyrnarofskynjunum. Erfitt hefði verið að fá upplýsingar frá ákærðu um hvort um eiginlegar heyrnarofskynjanir hefði verið að ræða eða eigin hugsanir ákærðu. Eftir að hafa farið mjög ítarlega yfir gögnin hefði það verið mat geðlæknisins að þetta væru fremur eigin hugsanir ákærðu með þunglyndisblæ. Ákærða hefði lýst því í viðtölum að hafa haft hugsanir í nokkra daga um að skaða börnin en náð að stöðva sig og áttað sig á því að það væri rangt. Ákærða hefði lýst því að hún hefði viljað deyða börnin svo þau kæmust til himnaríkis og að ákærða hefði talað um það við eldri drenginn hvort hann vildi deyja. Þetta væri niðurstaðan miðað við viðtöl og skoðun gagna. Aðspurð kvaðst hún mögulega vera þeirrar skoðunar að 16. gr. almennra hegningarlaga gæti átt við, sem byggðist á því að ákærða væri haldin geðsjúkdómi en hún uppfyllti greiningarskilmerki þunglyndis með geðrofseinkennum vegna heilsukvíða.

Aðspurð kvaðst hún ekki hafa séð nein raunveruleg merki í hegðun eða atferli ákærðu um ofskynjanir í viðtölum sem bentu til geðrofseinkenna. Aðspurð hvort eitthvað í sögu og aðstæðum ákærðu gæti útskýrt þennan atburð kvað hún ákærðu vera í gríðarlega viðkvæmri stöðu, jaðarsetta, félagslega einangraða, á flakki frá stríðshrjáðu landi, nýlega skilin og í erfiðu sambandi við fyrrverandi eiginmann og ítrekaðar komur á heilsugæslu vegna alls kyns einkenna. Skoðað til baka hefði ákærða að öllum líkindum verið með þunglyndiseinkenni til lengri tíma. Hugsanir um að koma börnunum til himnaríkis hefðu verið búnar að leita á ákærðu í einhvern tíma og á verknaðarstundu verið svo ágengar að hún hefði ekki getað hamið sig. Ákærða hefði að mati geðlæknisins ekki verið með stýrandi geðrofseinkenni sem hefðu sagt henni að gera þetta en ákærðu hefði verið farið að líða það illa að þetta hefði gerst á þessum tímapunkti. Ákærða hefði engu að síður getað stjórnað sér því að hún hefði náð að gera það í tvo daga fyrir verknaðinn. Ákærða hefði ætlað að fyrirfara sér eftir að hafa deytt B en þar sem hann hefði sagst vilja lifa hefði hún horfið frá því. Í fyrsta viðtali hefði ákærða neitað sjálfsvígshugsunum. Aðspurð kvað hún unnt að vera sjálfráður gjörða sinna þó að ætlunin væri að fremja sjálfsvíg, það væri einstaklingsbundið og fólk gæti verið gríðarlega þunglynt. Ákærða hefði verið þunglynd á verknaðarstundu og ekki séð aðra lausn. Aðspurð kvað geðlæknirinn ákærðu hafa haft góða einbeitingu og úthald í viðtölunum sem öll hefðu varað í rúmlega klukkustund og eitt viðtalið hátt í tvo tíma. Ákærða hefði ekki verið hugsanatrufuð og heilt yfir hefði frásögn hennar ekki verið samhengislaus. Það væri mat geðlæknisins að ákærða gerði sér grein fyrir því hvað hún hefði gert, hvaða afleiðingar það hefði og að hún hefði innsæi í að hún væri veik. Ákærða hefði spurt í viðtali hvað yrði um sig og hvað hún gæti fengið langan dóm. Ákærða hefði því áttað sig á því að það sem hún hefði gert myndi hafa afleiðingar. Nánar spurð kvað hún það mat sitt að ekkert benti

til þess að refsing gæti ekki borið árangur. Ákærða þurfi að fá viðeigandi lækniþjónustu vegna sjálfsvígs-hættu verði hún sakfelld, sem ákærða geti fengið innan fangelsis, en þurfi ekki sérhæfða meðferð.

F, geðlæknir og yfirmatsmaður, staðfesti að hafa unnið yfirmatsgerð ásamt M og hitt ákærðu í sjö viðtölum. Niðurstaða þeirra væri að ákærða hefði verið sakhæf. Það hefðu verið vangaveltur um hvort ákærða hefði verið í geðrofi á verknaðarstundu en niðurstaðan hefði verið að ástand hennar gæti hafa náð mörkum geðrofs en hegðun hennar hefði þó bent til þess að hún hefði ekki fullkomlega látið stjórnast af ástandi sínu og haft eitthvert innsæi.

Varðandi 16. gr. almennu hegningarlagna væri ákærða kona með takmörkuð bjargráð, henni gengi illa að aðlagast, hún hefði verið flóttamaður í um tvo áratugi og væri með margvísleg geðræn einkenni. Ekki væri ólíklegt að hún þjáðist af alvarlegri áfallastreitu eftir það sem hún hefði gengið í gegnum. Aðspurð um þá lýsingu ákærðu, að þetta hefði verið hún en samt ekki hún, kvað matsmaður það vera upplifun ákærðu að það hefði verið svo einfalt fyrir hana að kæfa son sinn að hún hefði ekki gert þetta heldur hlytu að vera aðrar skýringar og hún leitaði þeirra. Þá hefðu komið upp hugmyndir um að fyrrverandi eiginmaður ákærðu hefði staðið á bak við þetta með göldrum eða öðru álíka. Síðan hefði ekki komið fram fyrr en tæpum tveimur vikum eftir atburðinn að ákærða hefði heyrt raddir sem hefðu sagt henni að gera þetta.

Aðspurð um sérfræðilegt mat á því hvers vegna ákærða hefði ekki greint frá röddum fyrr en eftir tvær vikur sagði matsmaður það liggja beinast við að þessi einkenni hefðu ekki verið til staðar í þeim mæli sem ákærða hefði lýst. Matmenn hefðu fengið aðgang að lögregluyfirheyrslum, upptökum úr búkmyndavélum lögreglu á vettvangi auk mats geðlæknis, sem hefði metið ákærðu innan við sólarhring frá atburði. Þar hefðu ekki komið fram greinanleg merki um geðrofseinkenni og matmenn hefðu stuðst við þessi gögn við matið. Þau hefðu einnig litið til þess að ákærða hefði hitt geðlækni sem hefði farið mjög ítarlega yfir geðrofseinkenni en ákærða hefði neitað þeim öllum og ekki farið að tala um þau fyrr en síðar. Það hefði verið meðvirkandi þáttur í því að erfitt væri að vera alveg viss um að ákærða hefði verið í svo miklu geðrofi að hún hefði verið alveg stjórnlaus á verknaðarstundu.

Aðspurð hvort ákærða hefði mögulega verið svo þunglynd með geðrofseinkenni á þessum fyrstu tveimur vikum að hún hefði ekki skilið nægilega vel þegar hún hefði verið spurð út í raddir kvað matsmaður svo ekki vera, miðað við aðra hluti sem ákærða hefði getað rætt um í viðtölum. Það gengi ekki upp að ákærða hefði verið svo aftengd atburðinum eða ekki skilið spurningar á sama tíma og hún hefði getað skilið og rætt annað, auk þess að hafa úthald í löng viðtöl og skýrslutökur. Matmenn hefðu spurt ákærðu hvers vegna hún hefði ekki skýrt frá röddum strax en ákærða hefði aldrei komið með sömu útgáfuna. Það væri því erfitt að skilja þetta atriði öðruvísi en svo en að ákærða hefði ekki verið með þessi einkenni. Áður en ákærða hefði greint frá því að raddir hefðu skipað henni að deyða drengina hefði hún rætt um atburðinn á allt öðrum forsendum. Þá hefði fyrsta skýring ákærðu annars vegar verið að hún hefði ekki viljað skilja syni sína eina eftir því að hún væri mögulega að deyja úr krabbameini og hins vegar að heimurinn væri hættulegur staður. Eftir tvær vikur hefði komið skýring ákærðu um raddir og á sama tíma hefði hún vírst átta sig á því að þetta væri ekki gott fyrir strákana hennar. Að mati matsmanna hefði þetta því hljómað meira sem eftiráskýringar ákærðu til að reyna að skilja hvað hefði gerst fremur en að það hefði raunverulega verið svo á verknaðarstundu.

Matið hefði verið flókið því að í fyrsta viðtali við matmenn á [...] hefði ákærða verið mjög óreiðukennd í hegðun og óróleg. Þar á undan hefði ákærða verið á [...] og lýst þar geðrofseinkennum en ekki væri ólíklegt að ákærða hefði verið í geðrofi á þeim tíma. Þetta væri hins vegar allt önnur hegðun en matmenn hefðu séð strax eftir atburðinn, sem styrkti niðurstöðu þeirra um að ákærða hefði ekki verið í geðrofi þegar atburðurinn átti sér stað. Endurtekið hefði verið rætt við ákærðu þessar tvær vikur eftir atburðinn og miðað við hversu mikið ákærða hefði ráðið við að ræða gæti það hreinlega ekki verið að hún hefði ekki munað eða ekki verið í ástandi til að skilja spurningar. Þetta væri hins vegar mjög flókið vegna þeirrar erfiðu stöðu sem ákærða hefði verið í og hún verið í örvinglan. Hún hefði kæft son sinn og verið að reyna að vinna úr því og skilja og það hefði verið henni mjög erfitt. Ákærða hefði eflaust ekki verið að búa til einkenni til að ljúga sig út úr aðstæðum heldur væri það mat matsmanns að þetta hefði verið leið ákærðu til að höndla aðstæður og því eftiráskýringar. Ákærða hefði sagt matsmönnum mismunandi útgáfur

af því hvernig hún hefði farið með yngri drenginn inn í stofu. Hún hefði engu að síður náð að gera ákveðna hluti eins og að deyða hann ekki við hlið eldri drengsins og hætt þegar eldri drengurinn mótmælti, en það benti til þess að hún hefði haft stjórn á gerðum sínum. Þá hefði ákærða skipulagt að hringja í lögregluna, sent eldri drenginn í skólann og því hefði hún verið með meiri stjórn en viðbúið væri af einstaklingi sem væri undir stjórn skipandi radda. Annað væri líka, að ákærða hefði sjálf í nánast öllum samtölum talað um að hún hefði gert þetta til að koma drengjunum til himna þar sem þeir fengu betra líf því að hún væri að deyja og þeir yrðu þá einir eftir hjá föður sem væri stórhættulegur og gæti gert þeim eitthvað. Í lokin hefði svo komið „en það voru raddirnar sem sögðu mér að gera þetta“. Matsmenn hefðu því fengið á tilfinninguna í viðtölum að ákærða hefði sjálf hugsað um annars vegar að vernda drengina fyrir grimmd heimsins og hins vegar ekki viljað skilja þá eftir því að þeir gætu ekki án hennar verið. Það hefði alltaf komið í lokin „en raddirnar sögðu mér að gera þetta“. Einstaklingar með skipandi raddir upplifa oft skipun um að framkvæma eitthvað sem þeir vilja sjálfir alls ekki gera og að þetta sé eitthvað sem tilheyrir þeim ekki. Ákærða hefði hins vegar talað mjög mikið um að þetta hefði verið það sem hún hefði ætlað að gera en raddirnar komið seinna sem skýring.

Varðandi aðdraganda verknaðar greindi matsmaður frá því að ákærða hefði þrívægis farið frá fyrrverandi eiginmanni en farið til hans aftur á innan við viku. Á sama tíma hefði ákærða verið með miklar áhyggjur af því að vera alvarlega veik, auk þess sem hún hefði verið með vaxandi þunglyndiseinkenni. Ákærða hefði áttað sig á því að hún réði ekki við að vera ein með drengina, reka heimilið eða fjárhaginn. Hún hefði beðið eiginmanninn um að koma aftur en þá hefði aðstaðan ekki verið eins og áður því hann hefði verið kominn með unga kærustu. Ákærða hefði einnig greint frá því að eiginmaðurinn hefði verið að hóta því að taka drengina af henni. Ákærða hefði farið í [læknisrannsókn] og fengið skilaboð um brjóstaskimun og hún hefði raunverulega haldið að hún væri með krabbamein. Fyrr sama kvöld hefði upplifun ákærðu í samtali við fyrrum eiginmann verið sú að hann væri að gefast upp á þessu og væri jafnvel að bregðast því að flytja inn til þeirra daginn eftir. Ákærða hefði neitað því að hafa liðið illa eftir það samtal en matsmenn hefðu metið það svo að þarna hefðu allir álagsþættirnir komið saman og ákærða ekki séð út úr þessu. Í þeirri örvinglan, sem ákærða hefði verið í, hefði hún séð þetta sem einu útleiðina, að taka líf drengjanna og síðan sitt eigið.

Matsmaður var spurð hvort ákærða hefði raunverulega verið fær um að ráða gjörðum sínum í ljósi svo óstjórnlegrar vanlíðunar. Svaraði matsmaður því til að ákærða hefði náð, eftir að kæfa yngri soninn og gert tilraun til að kæfa þann eldri, að stöðva sig og ekki gert meira. Því hefði hún ekki verið undir fullkominni stjórn skipandi radda. Vilji ákærðu til að deyja sjálf hefði verið mjög óskýr en hún hefði hætt við að taka eigið líf þegar ekki tókst að kæfa eldri drenginn. Ákærða hefði haft meiri áhyggjur af því að hún myndi deyja frá drengjunum. Aðspurð kvaðst matsmaður ekki hafa séð nein ytri merki þess að ákærða væri að bregðast við röddum eða ofskynjunum, hvorki í gögnum né í viðtölum við hana. Ákærða hefði ekki sýnt óreiðukennda hegðun í kjölfar atburðar sem sjáist oftast hjá fólki í miklu geðrofi og geðrofsástandi. Aðspurð um 16. gr. almennra hegningarlaga í ljósi óljóss orðalags í matsgerð sagði matsmaður að ákærða væri í grunninn ekki með geðrofssjúkdóm. Ákærða muni þurfa mjög mikla læknis- og áfallaaðstoð auk stuðnings til að byggja upp færni og virkni en að því tilskildu væri það mat matsmanns að refsing gæti borið árangur.

M, geðlæknir og yfirmatsmaður, kvað erfitt að lýsa stuttlega rannsókn og niðurstöðu yfirmats. Margir óhagstæðir þættir hefðu verið uppi þetta kvöld sem hefðu gert ákærðu örvinglaða og henni hefði liðið mjög illa. Matsmenn hefðu haft aðgang að skýrslum sem ákærða hefði gefið hjá lögreglu og hún tvívægis verið í innlögn á [...] þar sem matsmenn hefðu hitt ákærðu, auk þess að hitta hana á Hólmsheiði. Ákærða hefði verið mjög þunglynd en hún hefði ekki sagt frá röddum fyrr en síðar við þann geðlækni sem gerði geðmat á henni í byrjun. Ákærða hefði ekki verið með nein merki geðrofs þegar yfirmatsmenn hefðu hitt hana og hún verið í bata. Þau hefðu hins vegar farið yfir upptökur af lögregluskýrslum. Matsmenn teldu að ákærða hefði vitað hvað hún var að gera á verknaðarstundu og haft stjórn á sér þó að atburðurinn sjálfur væri óskiljanlegur. Miðað við gögn málsins teldu þau ákærðu sakhæfa. Varðandi 16. gr. væri ljóst að ákærða þyrfti hjálp og meðferð og þó að ákærðu hefði ekki liðið vel á Hólmsheiði gengi heldur ekki illa.

Ákærða hefði farið í meiriháttar þunglyndi á mörkum geðrofs í kjölfar atburðar sem væri vel þekkt og matsmaður teldi eðlilegt. Það sem væri undarlegt væri hvernig ákærða hefði verið við handtöku og í tvær vikur þar á eftir, sem hefði ekki verið í samræmi við háttalag einstaklinga í geðrofi en það væri oftast mjög sýnilegt. Að þeirra mati hefði ákærða ekki verið með ranghugmyndir heldur hugsýki vegna hræðslu við sjúkdóm. Ákærða þurfi sálrænan stuðning.

Kvaðst hann staðfesta þá niðurstöðu matsgerðar að frásögn ákærðu um raddir bæri með sér að vera eftiráskýringar og benti í því sambandi á að ákærða hefði m.a. talað um að fyrrverandi eiginmaður hefði eitrað fyrir sér. Tók matsmaður fram að hefði ákærða verið í geðrofi hefði hún átt að hafa slík einkenni strax við handtöku í kjölfar verknaðar og hafa heyrt raddir frá upphafi. Taka verði tillit til þess að þegar fólk átti sig á verknaði sem hafi verið framinn í örvinglan sé ekkert undarlegt að þunglyndi versni og því hefði ekki verið ólíklegt að ákærða hefði þjáðst af þunglyndi eftir atburðinn, enda hefði hún fengið meðferð við því. Aðspurður um að ákærða hefði greint frá því fyrir dómi að eldri drengurinn hefði vaknað og beðið hana um að hætta, en þá hefðu raddirnar einnig hætt, kvað hann það vera mjög óvanalegt. Raddir stýrðust allajafna ekki af gjörðum heldur væru einfaldlega til staðar og segðu viðkomandi að gera eitthvað.

Aðspurður kvað matsmaður ákærðu fyllilega hafa vitað hvað hún hefði verið að gera á verknaðarstundu. Eitt af því sem benti til þess væri að ákærða hefði borið yngri drenginn inn í stofu og eftir það farið inn í herbergið því hún hefði vitað að eldri drengurinn gæti frekar vaknað. Ákærða hefði ekki sýnt nein merki geðrofs við handtöku. Matsmaður kvaðst telja að alvarlegt þunglyndi ákærðu gæti ekki útskýrt hegðunina. Ákærða hefði fengið þessa slæmu hugmynd en hún hefði getað stjórnað gerðum sínum og hefði vitað hvað hún var að gera, sér í lagi í ljósi þess að hún hefði hætt þegar eldri drengurinn vaknaði. Aðspurður kvaðst matsmaður ekki hafa séð áberandi mun á andlegu ástandi ákærðu hvort heldur á [...] eða í fangelsinu þótt hún hefði verið ósátt við að vera þar. Ákærða hefði t.a.m. sagt að aðrir kvenfangar hefðu sýnt sér óvild en fangaverðir hefðu sagt hið gagnstæða, sem væri m.a. birtingarmynd af því að ákærða leitaðist við að varpa ábyrgð á aðra, sem væri hvorki geðrof né venjulegt þunglyndi. Ákærða hefði lýst drengjunum eins og þeir væru byrði á sér og verið hrædd um að deyja og skilja þá eftir ósjálfbjarga, þannig hefði hún réttlætt það sem hún hefði gert. Það væri undarleg röksemdafærsla, sérstaklega í ljósi þess að ekkert hefði annað komið fram en að drengirnir væru eðlilegir og ekki erfiðari en önnur börn. Líklega hefði verið unnt að styðja ákærðu betur en hún hefði eflaust verið hrædd um að missa drengina.

Matsmaður kvaðst aðspurður telja að lyf og meðferð í fangelsi væru að bera viðunandi árangur en tók fram að ákærða þyrfti sálrænan stuðning og aðstoð við að vinna úr áfallinu. Hún hefði fyrst og fremst verið á [...] við lok matsins sem væri fullkomlega eðlilegt í slíkum aðstæðum. Kvaðst hann telja að ákærða myndi fá viðunandi aðstoð í fangelsi. Aðspurður kvaðst matsmaður ekki telja líklegt að ákærða hefði í ljósi áfallasögu og aðstæðna ekki skilið spurningar varðandi raddir, jafnvel þó að tekið væri með í reikninginn að hún væri e.t.v. eitthvað takmörkuð á sumum sviðum greindar. Matsmaður kvaðst aðspurður telja að aðstæður ákærðu á verknaðarstundu, þar sem saman komu áfallaröskun, alvarlegt þunglyndi, fjárhags- og húsnæðisáhyggjur, að maki væri að yfirgefa hana fyrir fullt og allt og því mikil örvinglan, leiddu ekki til þess að ákærða hefði verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum. Aðspurður um óljóst svar í yfirmati varðandi 16. gr. almennra hegningarlaga kvaðst matsmaður vera þeirrar skoðunar að refsing gæti borið árangur varðandi ákærðu en hún þurfi meðferð.

C, fyrrverandi eiginmaður ákærðu, greindi frá því fyrir dómi að hann hefði ekki séð neitt óeðlilegt í fari ákærðu dagana fyrir atburðinn. Ákærða hefði í símtali sama kvöld og atvikið varð sagt að drengirnir færu ekki í skólann daginn eftir. Aðspurður sagði hann ákærðu hafa verið mjög eðlilega í því símtali. Aðspurður um skapgerð ákærðu kvað hann hana hafa haft lítið sjálfstraust, hún ætti erfitt með að kynnast fólki og hún hefði oft verið æst og reið yfir smámunum. Sambandið hefði verið stormasamt en hann hefði fengið nóg eftir að þau komu til Íslands og sagt við ákærðu að þau yrðu að skilja. Kvaðst hann aldrei á sambúðartímanum, sem hefði hafist árið [...] eða [...], hafa orðið var við að ákærða heyrði raddir. Kannaðist hann ekki við að ákærða hefði beitt drengina líkamlegu ofbeldi þó að hún hefði öskrað á þá en kvaðst ekki hafa getað ímyndað sér að svona gæti gerst. Kvaðst hann aðspurður ekki vita um andlegt ástand ákærðu eftir að hann flutti frá henni og hann hefði ekki séð þau skipti sem þau hittust að eitthvað amaði

andlega að henni en hún hefði verið mikið líkamlega veik. Ákærða hefði viljað flytja búferlum til [...] og óskað eftir að hann tæki við forsjá drengjanna til að hún losnaði við ábyrgðina. Kannaðist hann við að ákærða hefði sagt við drengina að fólk færi til himnaríkis þegar það dæi, en ekki þyki við hæfi að tala um dauðann við börn þaðan sem þau komi. Aðspurður um tengsl við yngri drenginn kvað hann þau hafa verið ákaflega sterk og að sér hafi liðið mjög illa eftir atvikið sem hefði verið mikið áfall.

N, sérfræðingur á lífvísindasviði tæknideildar lögreglu, staðfesti skýrslu sína í málinu, en ekki þykir ástæða til að rekja framburð hennar.

IV

Af hálfu ákærðu var lögð fram skrifleg greinargerð, sbr. 1. mgr. 165. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Krafast er sýknu vegna beggja ákæruliða en til vara að ákærðu verði gerð vægasta refsing er lög leyfa. Sýknukrafa byggir á því að ákærða hafi á verknaðarstundu verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum sökum mikils þunglyndis með geðrofseinkennum, þannig að 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við. Þá sé ljóst að verði ekki fallist á að ákærða hafi verið ósakhæf á verknaðarstundu muni refsing ekki bera árangur og skuli því felld niður, sbr. 16. gr. sömu laga.

Ákæruliður I

Af hálfu ákærðu er á því byggt að hún hafi ekki haft ásetning til að bana hinum látna en hún hafi neitað því frá upphafi að hafa haft slíkan ásetning. Framburður ákærðu hafi verið stöðugur um að hún hafi heyrt raddir sem hafi skipað henni að deyða drenginn svo hann kæmist á betri stað í himnaríki. Eins og málið liggir fyrir dóminum sé með öllu ósannað að lagaskilyrði séu til staðar til að sakfella fyrir manndráp þar sem ásetningur verði að ná til frumverknaðar og afleiðinga. Háttsemin verði því ekki heimfærð til 211. gr. almennra hegningarlaga. Nái ásetningur aðeins til frumverknaðar en afleiðingar megi rekja til gáleysis eða stórkostlegs gáleysis skuli háttsemin heimfærð til 2. mgr. 218. gr.

Ákærða hafi gengist við því að hafa framið verknaðinn eins og honum er lýst í ákæru en neiti því að hún hafi ætlað að deyða drengina. Ákærða hafi verið í andlegu ójafnvægi í geðrofi og aðeins hlýtt röddum sem hafi stýrt henni. Komið hafi fram í skýrslum, viðtölum við matsmenn og í sjúkraskrá að ákærða hefði í rúman mánuð fyrir atvik verið með gífurlega mikið þunglyndi með geðrofseinkennum, kvíða, þráhyggju- og áráttröskun ásamt því að þjást af slæmri áfallastreituröskun. Þá hafi verið staðfest í yfir- og undirmati að ákærða hafi fyrir, á meðan og í kjölfar verknaðar þjást af þessum andlegu veikindum. Ekkert hafi komið fram í málinu um að ákærða hafi verið búin að hugsa um eða skipuleggja hvernig eða hvenær verknaðurinn yrði framinn. Þá sé ljóst að ákærða hafi ekki gert sér grein fyrir afleiðingunum en hún hafi spurt á vettvangi hvort A væri farinn á spítala og hvort hann væri kannski vaknaður. Ekki hafi verið sýnt fram á að ákærða hafi á verknaðarstundu haft ásetning til að bana A þar sem ákærða hafi hlýtt skipunum frá röddum um að deyða drenginn svo hann kæmist til himnaríkis.

Ákæruliður II

Vísad er til þeirra málsástæðna sem reifaðar eru að ofan vegna ákæruliðar I og krafast sýknu en til vara vægustu refsingar er lög leyfa. Þá er því haldið fram að þar sem ákærða hafi horfið frá því að deyða B er hann vaknaði hafi verið um afturhvarf að ræða og meint brot því ekki fullframið. Því verði ákærða ekki sakfelld fyrir brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga. Ósannað sé að tilraun ákærðu til að kæfa B hafi valdið honum lífshættu.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða og þeirra matsgerða sem liggja fyrir í málinu verði að teljast sannað að ákærða hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum þegar hún banaði yngri syni sínum og gerði tilraun til að bana eldri syni sínum sem leiði til sýknu á grundvelli 15. gr. almennra hegningarlaga. Verði ekki fallist á það byggir ákærða á því að ástand hennar sé þannig að refsing muni ekki bera árangur sem leiði til sýknu, sbr. 16. gr. sömu laga.

Verði ákærða sakfelld verði við refsíákvörðun að líta til 74. og 75. gr. almennra hegningarlaga auk þess sem refsímildunarsjónarmið eigi við, svo sem játning, að greina frá og einlæg iðrun auk hreins sakaferils. Þá er gerð krafa um að gæsluvarðhald verði dregið frá refsingu.

V

Forsendur og niðurstaða

Ákærða hefur skýlaust viðurkennt manndráp og brot í nánu sambandi er hún svipti son sinn, A, líffi með því að kæfa hann með koddra, sbr. ákærulið i). Ákærða hefur einnig skýlaust viðurkennt tilraun til manndráps og brot í nánu sambandi, með því að hafa tekið fyrir vit sonar síns, B, og þrýst andliti hans niður í rúm þannig að hann gat ekki andað en við atlgöguna vaknaði hann og gat losað sig úr taki ákærðu, sbr. ákærulið ii). Játning ákærðu á sér stoð í gögnum málsins og er sannað að hún hafi gerst sek um þá háttsemi sem greinir í ákæru. Ákærða krefst sýknu á grundvelli sakhæfisskorts en einnig er á því byggt að refsing muni ekki bera árangur.

Ákæruvaldið byggir á því að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærða hafi af ásetningi banað yngri syni sínum og gert tilraun til að ráða eldri syni sínum bana. Ákærða eigi sér engar málsbætur og er farið fram á að hún verði dæmd í 18 ára fangelsi.

Eins og rakið er að framan hringdi ákærða í Neyðarlínu að morgni 31. janúar 2024. Greindi hún frá því að sonur hennar væri látinn og hún þyrfti sjúkrabíl og lögreglu að heimili þeirra. Neyðarvörður spurði aftur hvað hefði komið fyrir og sagði ákærða að sonur sinn hefði dáið, hann væri kaldur viðkomu og andaði ekki. Sagði ákærða að eldri sonur hennar, B, væri farinn í skólann og vissi ekki hvað hefði gerst. Er lögreglumenn bar að garði opnaði ákærða fyrir þeim og fylgdi þeim upp í íbúðina en lögreglumenn sáu strax að drengurinn A var látinn. Greindu lögreglumenn nr. H og I frá því fyrir dómi að ákærða hefði að þeirra mati verið ákaflega röleg er þeir komu og ekki verið í geðshræringu, sem þeim hefði þótt undarlegt í ljósi kringumstæðna. Lögreglumaður nr. H bar einnig fyrir dómi að ákærða hefði greint frá og sýnt með látbragði að hún hefði kæft drenginn.

Lögreglan fór í kjölfar vinnu á vettvangi í skólann til að greina eldri drengnum frá andláti bróður hans. Greindi hann frá því að hann hefði vaknað um nóttina við að ákærða hélt fyrir vit hans, hann hefði náð að losa sig og neitað þegar ákærða hefði spurt hvort hann vildi ekki deyja áður en hann yrði [...] ára því þá færi hann í góða heiminn. Hann hefði síðan sofnað aftur og ákærða sagt um morguninn að bróðir hans væri veikur.

Í máli þessu liggur fyrir samdóma niðurstaða þriggja dómkvaddra matsmanna, í matsgerð og yfirmatsgerð, um að ákærða hafi verið alvarlega þunglynd en ekki verið haldin geðveiki í skilningi 15. almennra hegningarlaga, er hún varð syni sínum, A, að bana og gerði tilraun til að bana syni sínum, B, aðfaranótt 31. janúar 2024. Var það einnig samdóma niðurstaða matsmanna að ákærða hefði verið fær um að stjórna gerðum sínum á verknaðarstundu.

Matsmaðurinn G geðlæknir, sem hitti ákærðu sama dag og atburðurinn átti sér stað og dagana þar á eftir, bar fyrir dómi að það væri hennar mat að ákærða hefði verið mjög þunglynd á verknaðarstundu en ekki í geðrofi og ákærða hefði verið fær um að stjórna gjörðum sínum. Yfirmatsmennirnir og geðlæknarnir F og M báru um það sama fyrir dómi. Var það eindregin niðurstaða allra matsmanna að hvorki framkoma ákærðu né hegðun sama dag og verknaðurinn átti sér stað hefði borið nokkur merki þess að hún hefði verið undir valdi stýrandi radda og hún hefði ekki sýnt nein einkenni sem einkenndu einstaklinga í geðrofsástandi. Var það einnig samdóma álit þeirra að það að ákærða greindi fyrst frá röddum, sem hefðu sagt henni að deyða drengina, tæpum tveimur vikum eftir atburðinn, en hefði áður neitað því að hafa heyrt raddir, bæri með sér að vera eftiráskýring ákærðu. Matsmaðurinn G greindi frá því að ákærða hefði ekki sýnt nein stýrandi geðrofseinkenni fyrst eftir verknaðinn og hafa skimað ítarlega önnur geðrofseinkenni á borð við heyrnar- og sjónofskynjanir sem og aðrar ranghugmyndir en þau hefðu ekki verið til staðar, hvorki í hegðun né atferli. Ákærða hefði hins vegar verið þunglynd og liðið það illa að hún hefði ekki séð aðra lausn. Ákærða hefði engu að síður getað stjórnað sér þrátt fyrir hugsanir um að koma drengjunum til himnaríkis dagana fyrir verknaðinn. Yfirmatsmenn vísuðu til þess að ákærða hefði á verknaðarstundu vitað hvað hún væri að gera, en hún hefði farið með yngri drenginn inn í stofu því hún hefði gert sér grein fyrir að eldri drengurinn gæti vaknað. Þá benti F einnig á að ákærða hefði verið fær um að bera yngri drenginn út úr svefnherbergi þar sem eldri drengurinn svaf einnig, til að vekja hann ekki og bíða með að hringja í lögreglu þar til eldri drengurinn var farinn í skóla.

Ákærða hefði gert sér grein fyrir því hvað hún hefði gert og hvaða afleiðingar það hefði. Þá hefði ákærða ekki verið samkvæm sjálfri sér varðandi meintar raddir og frásögn hennar af þeim ruglingsleg.

Yfirmatsmaðurinn F greindi m.a. frá því fyrir dómi að hennar mat væri að þetta hefði verið leið ákærðu til að höndla aðstæður og vinna úr þeirri erfiðu stöðu að hafa deytt son sinn.

Töldu yfirmatsmenn að erfið lífsreynsla og bakgrunnur ákærðu sem flóttamanns, samfara miklu hjargleysi og vonleysi í aðstæðum hennar á Íslandi og hugsunum um að hún væri að deyja úr krabbameini, hefði leitt til örvinglunar sem hefði leitt til þess sem gerðist, en það hefði ekki valdið geðrofi á verknaðarstundu sem gerði ákærðu alls ófæra um að stjórna gerðum sínum. Þá töldu allir matsmenn að ákærða skildi hvað hún hefði gert sem og afleiðingar þess þannig að refsing gæti borið árangur, sbr. 16. gr. almennra hegningarlaga.

Í 15. gr. almennra hegningarlaga kemur fram að þeim mönnum skuli eigi refsað, sem sökum geðveiki, andlegs vanþroska eða hrörnnunar, rænuskerðingar eða annars samsvarandi ástands voru alls ófærir á þeim tíma, er þeir unnu verkið, til að stjórna gerðum sínum. Með þessu ákvæði eru sett ströng skilyrði fyrir sakhæfisskorti í íslenskum rétti, þ. á m. verður andlegur annmarki, svo sem geðveiki, að vera á háu stigi til þess að hann leiði til refsileysis af þeim sökum. Það nægir þó ekki til skorts á sakhæfi, heldur verður maður að hafa verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum vegna hins andlega annmarka þega hann framdi verknað sem lýstur er refsiverður að lögum. Í greinargerð með frumvarpi til almennra hegningarlaga segir: „Markmið refsingar er fyrst og fremst verndun almenns réttaröryggis og viðhald lögbundins þjóðskipulags. En auk þess fullnægir refsing réttlætistilfinningu almennings, er ekki sættir sig við það, að menn skerði órefsað mikilvæg réttindi annarra.“ Þessi sjónarmið, sem búa að baki refsilögum, mæla með því að umrætt ákvæði sé fremur skýrt þröngt en rúmt, enda hefur það að geyma undantekningu frá þeirri meginreglu að mönnum sé refsað fyrir afbrot er þeir hafa framið. Samkvæmt því leiðir það ekki til sakhæfisskorts þótt sá, sem uppvís hefur orðið að refsiverðum verknaði, hafi brenglað raunveruleikaskyn eða sé haldinn ranghugmyndum af völdum geðsjúkdóms nema hann hafi alls ekki verið fær um að hafa stjórn á gerðum sínum þegar hann vann verkið, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 13. október 2011 í máli nr. 198/2011.

Það álitafni hvort ákærða hafi sökum geðsjúkdóms verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum umrætt sinn lýtur endanlegri úrlausn dómstóla sem eru í því efni ekki bundnir af áliti hinna sérfróðu matsmanna, sbr. 2. mgr. 133. gr. laga nr. 88/2008. Við þá úrlausn ber einkum að horfa til aðdraganda þess voðaverks sem ákærða vann, hvernig hún stóð að því og framferðis hennar í kjölfarið.

Ákærða játaði í skýrslutöku hjá lögreglu sama dag og atburðurinn átti sér stað að hafa orðið yngri syni sínum að bana. Aðspurð hvers vegna hún hefði tekið þessa ákvörðun kvaðst ákærða hafa átt að fara í krabbameinsskoðun þennan dag, ekki hafa trúað lækni sem hefði sagt að hún væri ekki með krabbamein eftir [læknisrannsókn] og hafa þá farið að hugsa um börnin. Ákærða kvaðst hafa reynt að deyða eldri drenginn en fundist það erfitt því hann væri eldri. Hann hefði sagt nei og hún því hætt við. Aðspurð um raddir kvaðst ákærða stundum hafa heyrt kallað „mamma, mamma“ þegar drengirnir voru í skólanum. Röddin hefði ekki sagt neitt annað og kvaðst ákærða ekki hafa heyrt röddina síðasta sólarhring. Í skýrslutöku þann 6. febrúar kvaðst ákærða hafa ætlað að senda eldri drenginn til himnaríkis og aðspurð hvernig hún hefði ætlað að gera það svaraði hún: „þú veist hvernig“. Ákærða greindi ekki frá röddum í þeirri skýrslutöku. Í þriðju lögregluskýrslu, 14. febrúar, greindi ákærða frá því að raddir hefðu sagt henni að bjarga drengjunum og hún ætti að leyfa yngri dregnum að fara á betri stað. Ákærða kvaðst hafa reynt að vinna til að röddin talaði ekki við hana og svo hefði hún ákveðið að fara með yngri soninn til himnaríkis því honum myndi líða betur þar. Raddir hefðu líka sagt henni að senda eldri drenginn á betri stað en hún hefði ekki viljað heyra raddirnar og verið með rennandi vatn því það hefðu verið mikil læti í höfðinu á sér. Ákærða kannaðist við að hafa íhugað að gera þetta í tengslum við [læknisrannsókn] og einnig þegar hún átti að fara í brjóstaskimun daginn eftir. Ákærða var spurð hvers vegna hún hefði hætt við þegar hún íhugaði þetta í fyrra skiptið og kvaðst hún myndu sakna barnanna og hafa hætt við vegna þeirra. Ákærða var spurð hvað raddirnar segðu en hún kvað þetta ekki vera raddir heldur læti. Ákærða sagði aðspurð um hvers vegna hún hefði neitað að hafa heyrt raddir í fyrstu skýrslutöku: „Hvernig koma þessar hugmyndir ef það er ekki verið að segja mér að gera þetta og ég var að berjast gegn því allan tímann?“. Ákærða kvaðst hafa ætlað að fara sjálf með yngri drenginn á næstu lögreglustöð, því það væri vaninn í [...] að drápsmenn gerðu það, spurð um þrjú skjáskot af þýðingunni „the nearest police“ af [...] yfir á ensku. Ákærða kvað

geta verið að hún hefði viljað viðurkenna eða segja við einhvern að hún væri með alls konar hugmyndir og raddir, spurð um skjáskot 30. janúar af þýðingunni „I want to surrender myself. I confess“ frá [...]. Ákærða kvaðst hafa haft hugsanir um að taka líf drengjanna tveimur dögum áður og langað að segja fyrrverandi eiginmanni hvað væri í gangi. Aðspurð hvað raddirnar hefðu sagt við hana um nóttina sagði ákærða þær hafa sagt að það væri langbest að senda drengina í betri heim því fyrrverandi eiginmaður væri ekki góður maður.

Við aðalmeðferð málsins greindi ákærða frá því að raddir í höfði hennar hefðu sagt henni að senda drengina til himnaríkis en kannaðist ekki við að raddirnar hefðu sagt eitthvað annað. Kvaðst hún hafa byrjað að heyra raddirnar um nóttina, nánar spurð kvaðst hún hafa heyrt þær nokkrum dögum fyrr. Raddirnar hefðu sagt: „settu kotta á andlitid á honum“. Ákærða kannaðist við að hafa veist að eldri syni sínum eins og að hinum yngri. Raddirnar hefðu komið daglega og sagt henni að senda drengina á öruggan stað því móðir væri veik. Þessa nótt hefði hún heyrt mikið í röddunum og þær sagt henni að kæfa eldri drenginn. Ákærða kvaðst hafa verið í áfalli á vettvangi er lögregla kom á staðinn og því ekki hafa sagt frá röddunum. Ákærða sagði raddirnar ekki hafa sagt „mamma, mamma“ eins og hún greindi frá í skýrslu hjá lögreglu 31. janúar, heldur hefðu raddirnar sagt henni að koma drengjunum til himna. Þá kannaðist ákærða ekki við að hafa neitað því að hafa heyrt raddir í þeirri skýrslutöku og sagði að svar hennar hefði e.t.v. verið ranglega þýtt af túlki. Ákærða kannaðist heldur ekki við að hafa neitað í þeirri skýrslu að hafa heyrt raddir sólarhringinn fyrir atburð og bar við rangri túlkun. Ákærða kvaðst hafa sagt við geðlækninn G þann sama dag að þetta hefðu verið galdrar en G hefði sagt að hún tryði ekki á slíkt. Ákærða kvaðst ekki hafa sagt frá röddum í skýrslutöku 6. febrúar því geðlæknirinn hefði lokað á þetta. Ákærða kvaðst hafa sagt frá röddunum í skýrslutöku 14. febrúar því þá hefði hún vitað að þetta væri sjúkdómur. Ákærða kvaðst ekki hafa haldið koddanum lengi yfir andliti yngri drengsins en þetta hefði ekki verið hún heldur einhver annar því hún hefði ekki fundið fyrir neinu. Ákærða kvaðst hafa þýtt úr [...] „I want to surrender myself. I confess“ því hún hefði viljað tala við einhvern um þessar raddir en neitaði að hafa þá verið búin að ákveða að deyða drengina.

Að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómanda, verður ekki annað ráðið af framangreindum framburði ákærðu hjá lögreglu og fyrir dómi en að aðdragandi verknaðar hafi verið sá að ákærða hafi verið mjög þunglynd í einhvern tíma fyrir atburðinn. Þá taldi ákærða að hún væri að deyja úr krabbameini í kjölfar [læknisrannsókn] og boðunar í brjóstaskimun og fékk þá hugmynd að bjarga drengjunum sínum frá því að vera móðurlausir með því að deyða þá og tryggja þeim þannig vist í himnaríki. Framburður ákærðu fyrir dómi varðandi það hvort hún hefði greint frá röddum strax í byrjun var í ósamræmi við það sem hún greindi frá hjá lögreglu og matsmönnum. Ákærða hélt því fram fyrir dómi að hún hefði greint matsmanninum G frá því í fyrsta viðtali að um galdra hefði verið að ræða sem matsmaður hefði ekki trúað á. Matsgerð G er ítarleg en þar kemur hvergi fram að ákærða hafi nefnt þetta, auk þess sem ekkert kom fram um það í framburði matsmanns fyrir dómi. Hið rétta er að ákærða greindi yfirmatsmönnum frá því að hún teldi fyrrverandi eiginmann sinn hafa sett á sig galdra en það var ekki fyrr en nokkrum mánuðum eftir atburðinn. Ákærða neitaði því fyrir dómi að hún hefði sagst heyra „mamma, mamma“ aðspurð um raddir í skýrslu hjá lögreglu. Þá kannaðist ákærða ekki við að hafa neitað því að hafa heyrt raddir í þeirri skýrslutöku og sagði að svar hennar hefði e.t.v. verið ranglega þýtt af túlki. Ákærða kannaðist heldur ekki við að hafa neitað í þeirri skýrslu að hafa heyrt raddir sólarhringinn fyrir atburð og bar við rangri túlkun. Að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, fær þetta ekki staðist enda neitaði ákærða einnig röddum hjá geðlækninum G sama dag. Er framburður ákærðu fyrir dómi ekki metinn trúverðugur.

Telur dómurinn, líkt og matsmenn, mega ráða af skýrslum ákærðu hjá lögreglu og breyttri skýrslu fyrir dómi að um eftiráskýringu ákærðu sé að ræða í kjölfar þess að hún hafi gert sér fyllilega grein fyrir afleiðingum gjörða sinna eftir dvöl í fangelsi og þannig reynt að réttlæta eða útskýra hvernig hún hefði verið fær um verknaðinn. Háttsemi ákærðu á verknaðarstundu hafi ekki borið nein merki geðrofs eða sturlunar. Er tekið undir þau rök yfirmatsmanna sem bentu á hvernig ákærða hefði vísitandi fært yngri drenginn fram til að vekja ekki þann eldri, að hún hefði hætt þegar eldri drengurinn vaknaði og mótmælti, sem og að hafa skipulagt að hringja í lögreglu eftir að eldri drengurinn fór í skólann. Er þessi niðurstaða

studd af upptökum af skýrslutöku ákærðu hjá lögreglu og á vettvangi þann 31. janúar auk framburðar þeirra tveggja lögreglumanna fyrir dómi er komu fyrstir á vettvang, sem að mati dómsins sýna að ákærða hafi ekki verið í því ástandi á verknaðarstundu að hún hafi verið alls ófær um að stjórna gerðum sínum, þó að vissulega sjáist á vettvangi að ákærða hafi verið í nokkru uppnámi og grátið.

Af hálfu ákærðu er einnig á því byggt vegna ákæruliðar ii) að um afturhvarf frá tilraun hafi verið að ræða því hún hafi horfið frá því að deyða brotaþola B er hann vaknaði við verknaðinn og neitaði því að vilja deyja. Nánar til tekið hafi ákærða ekki fylgt eftir brotinu eftir að brotaþoli bað hana að hætta.

Brotaþoli lýsti því í Barnahúsi hvernig hann hefði vaknað við að haldið var með annarri hendi um hnakkann á honum og með hinni fyrir vit hans þannig að höfði hans var ýtt í rúmið og hann gat ekki andað. Hann hefði reynt að taka manneskjuna af sér því hann hefði ekki getað andað og beðið hana að hætta sem hún hefði gert. Brotaþoli hefði þá séð að þetta væri ákærða. Brotaþoli kvaðst hafa verið hræddur um að hann myndi deyja og hafa öskrað á [...]. Ákærða hefði ekki sagt neitt en eftir smá stund hefði hún spurt hvort hann væri viss um að hann vildi ekki deyja, hvort faðir hans yrði ekki bara með vandamál og hvort hún gæti verið viss um að brotaþoli færi með bænir eftir að hann yrði [...] ára, en [...] sem ekki færu með bænir eftir [...] ára færu til helvítis en gætu farið til himnaríkis ef þeir myndu deyja fyrir þann aldur. Brotaþoli kvaðst hafa sagt að hann vildi ekki deyja. Hann hefði spurt ákærðu hvort hann mætti fá símann sinn því hann hefði ætlað að hringja í lögregluna en ákærða neitað því og sagt að hún ætlaði sjálf að hringja í lögregluna. Var framburður brotaþola í aðalatriðum í samræmi við framburð hans hjá lögreglu. Þá lýsti ákærða því sjálf við skýrslutöku hjá lögreglu að hún hefði ætlað að reyna að kæfa B en fundist það erfitt því hann væri eldri og hafa hætt við því hann hefði sagt nei. Fyrir dómi svaraði ákærða aðspurð hvernig B hefði losað sig úr takinu að hann hefði vaknað og sagt að hann vildi ekki fara til himnaríkis. Þegar litið er til framburðar brotaþola og ákærðu sjálfrar, sem og áverka sem D réttarlæknir staðfesti fyrir dómi að brotaþoli hefði fengið þennan dag, telur dómurinn í ljós leitt að ákærða hætti ekki atlögu sinni af sjálfsdáðum heldur vegna þess að brotaþoli vaknaði og barðist um þannig að ákærða réð ekki við að kæfa hann eins og hún ætlaði sér.

Að öllu framangreindu gættu er að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómanda, talið að ákærða hafi borið skynbragð á eðli þeirra afbrota sem hún er ákærð fyrir og að hún hafi verið fær um að stjórna gerðum sínum þegar hún kæfði yngri son sinn, A, með kotta til ólffis og gerði tilraun til að kæfa eldri son sinn, B. Þá liggur fyrir í matsgerðum að þrír geðlæknar telja að refsing ákærðu geti borið árangur. Því eigi hvorki 15. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 né 1. mgr. 16. gr. sömu laga við um ákærðu. Ásetningur ákærðu til að svipta báða drengina lífi var einbeittur en hún hætti ekki eftir að hafa kæft yngri drenginn, A, heldur gerði tilraun til hins sama nokkru síðar um nóttina gagnvart eldri drengnum, B. Verður því ekki með nokkru móti fallist á að háttsemi ákærðu hafi ekki náð til afleiðinga verknaðar þannig að brot samkvæmt fyrri ákærulið, verði heimfært til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, svo sem haldið er fram af verjanda. Er háttsemi ákærðu réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

VI

Viðurlagaákvörðun og einkaréttarkröfur

Ákærða hefur verið sakfelld fyrir manndráp og tilraun til manndráps auk brots í nánú sambandi í báðum tilvikum. Verður ekki fram hjá því litið hversu alvarleg brotin eru en þau beindust að sonum ákærðu, sex og ellefu ára, á sameiginlegu heimili þeirra þar sem þeir áttu að eiga öruggt skjól og áttu sér einskis ills von. Auk þess að deyða yngri soninn í svefni, sem gat ekki rönd við reist, reyndi ákærða einnig að deyða eldri soninn í svefni en varð frá að hverfa þar sem hann vaknaði og gat varist árásinni. Eru brot ákærðu til þess fallin að hafa djúpstæðar afleiðingar til framtíðar fyrir líf og andlega heilsu eldri sonarins, sem með ódæðinu missti bróður sinn og varð á sama tíma fyrir nánast óbærilegu trúnaðarbroti af hálfu móður sinnar. Horfa verður til þessara þátta til refsipýngingar, sbr. 1. og 2. tl. 1. mgr. og 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Þrátt fyrir það þykir mega við það miða til refsímildunar að ákærða hafi af sjálfsdáðum sagt til brota sinna og skýrt frá atvikum í meginatriðum og sýnt iðrun gerða sinna, sbr. 8. og 9. tl. sömu lagagreinar. Þá hefur hún ekki áður gerst sek um refsivert brot og á sér ekki sögu um ofbeldisfulla hegðun.

Byggt er á því af hálfu ákærðu að verði hún sakfelld verði 1. mgr. 74. og 75. gr. almennra hegningarlaga beitt og refsing færð niður. Var af hálfu ákærðu ekki vísað til tiltekins töluliðar 1. mgr. 74. gr. sem telur níu töluliði. Að mati dómsins eru aðstæður í máli þessu ekki þess eðlis að nokkur töluliða 1. mgr. 74. gr. eigi við. Í 75. gr. segir að hafi maður framið brot í ákafri geðshræringu, vegna annars skammvinnis ójafnvægis á geðsmunum eða svo er ástatt að öðru leyti, að verknaðurinn verður ekki talinn líkt því eins refsiverður og venjulegt er um sams konar brot, megi færa refsingu niður og jafnvel, ef brot varðar ekki þyngri refsingu en fangelsi allt að einu ári, láta hana niður falla. Ákvæðinu er heimilt að beita til málsbóta fyrir sakfellda innan almennra refsimarkna eða niður fyrir þau. Í dómaframkvæmd hefur tilgreindu ákvæði verið beitt til hagsbóta fyrir sakborning þegar líta má á brot sem viðbrögð við óréttmætri háttsemi brotaþola. Á hinn bóginn er ákvæði 75. gr. ekki bundið við að brot sé viðbragð við ætlaðri óréttmætri háttsemi brotaþola þar sem ákvæðið getur átt við á grundvelli hugarástands sakbornings, óháð háttsemi brotaþola, á þeirri stundu er verknaður var framinn, sbr. t.d. dóm Hæstaréttar 23. febrúar 2006 í máli nr. 408/2005 og dóm Landsréttar 10. desember 2021 í máli nr. 195/2021. Í framkvæmd hefur ákvæði 75. gr. verið túlkað þröngt og verið beitt af varfærni, einkum þegar afbrýðissemi, bræði og örvænting höfðu áhrif á sakborning á verknaðarstundu.

Í matsgerð G geðlæknis kemur fram að þrátt fyrir að ákærða hafi ekki verið alls ófær um að stjórna gjörðum sínum, sé það faglegt mat geðlæknis að á verknaðarstundu hefði ákærða verið haldin alvarlegum geðsjúkómi, þunglyndi með geðrofseinkennum, sem hefði haft áhrif á hegðun hennar, dómgreind og ákvarðanatöku. Í vætti hennar fyrir dómi kom fram að hugsanir um að koma börnunum til himnaríkis hefðu verið búnar að leita á ákærðu í einhvern tíma en hún hefði náð að hemja sig. Á verknaðarstundu hefðu hugsanirnar verið það ágengar að ákærða hefði ekki getað hamið sig en hún hefði verið gríðarlega þunglynd og ekki séð aðra lausn. Í yfirmatsgerð geðlæknanna F og M, segir að ákærða hefði í grunninn verið alvarlega þunglynd á verknaðarstundu og hennar mat á umheiminum og þær ákvarðanir sem hún tók hefðu verið lítaðar af þeirri rörsýn sem sjáist við alvarlegt þunglyndi. Hvort ástand hennar á verknaðarstundu hefði náð mörkum ranghugmynda í geðrofi væri erfitt að meta en gæti verið. Það að hún færði yngri son sinn fram í stofu til að vekja ekki þann eldri og það að hún hefði ráðið við að stöðva drápstilraun á hinum síðarnefnda bendi til þess að hún hefði haft einhverja stjórn og innsæi í gjörðir sínar og þess vegna væri erfitt að segja að hún hefði algjörlega stjórnast af geðrofi. Í vætti þeirra fyrir dómi, kom fram að margir álagspættir í lífi ákærðu hefðu komið saman þetta kvöld og ákærða verið svo örvingluð að hún hefði séð þetta sem einu leiðina. Bentu þau hins vegar bæði á að ákærða hefði engu að síður borið yngri drenginn inn í stofu til að deyða hann þar, eftir það gert tilraun til að deyða eldri drenginn og hætt þegar hann vaknaði. Að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, var ákærða án efa mjög þunglynd og örvæntingarfull þetta kvöld. Ákærða hafði engu að síður haft hugmyndir um að deyða drengina í einhvern tíma fyrir verknaðinn auk þess sem framkvæmdin eins og henni er lýst hér að framan og það að einhver tími leið á milli brotanna, leiðir til þess að ekki er unnt að fallast á að ástand ákærðu hafi verið með þeim hætti sem 75. gr. almennra hegningarlaga áskilur. Hins vegar er talið ósannað að ákærða hafi haft fyrirfram mótaðan ásetning um hvenær eða hvernig hún myndi deyða drengina, heldur er lagt til grundvallar að um skyndiákvörðun hafi verið að ræða.

Brot ákærðu gegn 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 varðar allt að ævilöngu fangelsi en hún hefur einnig gerst sek um tilraun manndráps. Þá varðar brot gegn 2. mgr. 218 gr. b sömu laga allt að 16 ára fangelsi ef brot er stórfellt. Að þessu athuguðu, sbr. 79. gr. almennra hegningarlaga og samkvæmt því sem að framan er rakið um brot ákærðu þykir refsing hennar með vísan til 77. gr. sömu laga og að virtum dómafordæmum réttilega ákveðin fangelsi í 18 ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald sem ákærða hefur sætt frá fimmtudeginum 31. janúar 2024 að fullri dagatölu, sbr. 76. gr. laga nr. 19/1940.

Í málinu liggur fyrir einkaréttarkrafa Ingu Lillyjar Brynjólfsdóttir lögmanns, sem skipuð hefur verið sérstakur fjárhaldsmaður B, skv. skipunarbréfi Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Ákærða viðurkennir bótaskyldu en krefst lækkunar bótakröfu. Ákærða er bótaskyld gagnvart brotaþola B og á hann rétt á miskabótum úr hendi hennar á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja miskabætur í ljósi allra atvika hæfilega ákveðnar 5.000.000 króna auk vaxta eins og í dómsorði greinir.

Einnig liggur fyrir einkaréttarkrafa C, sem er faðir beggja brotaþola. Ákærða viðurkennir bótaskyldu en krefst lækkunar bótakröfu. C á rétt á miskabótum á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 3.000.000 króna auk vaxta eins og í dómsorði greinir.

Báðir bótakrefjendur krefjast vaxta á dæmdar fjárhæðir bóta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2024 og dráttarvaxta frá 29. maí 2024 er mánuður var liðinn frá því að kröfurnar voru birtar ákærðu en vaxtakröfum hefur ekki verið mótmælt.

Í samræmi við málsniðurstöðu, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008, er ákærða dæmd til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Evu Dóru Kolbrúnardóttur lögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 10.961.600 krónur og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola B, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 1.096.160 krónur, í báðum tilvikum að meðtöldum virðisaukaskatti. Úr ríkissjóði greiðist gjafsóknarkostnaður skv. gjafsóknarleyfi, dags. 4. október 2024, þ.m.t. þóknun lögmanns brotaþola C, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin 1.040.000 krónur, án virðisaukaskatts, svo sem venja er fyrir, auk útlagðs kostnaðar vegna tülkaþjónustu 75.600 krónur. Ákærða greiði útlagðan sakarkostnað samkvæmt sakarkostnaðarfirliti auk reikninga vegna yfirmatsgerðar, samtals 3.345.455 krónur.

María Thejll sem dómsformaður kveður upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Þórhalli Hauki Þorvaldssyni héraðsdómara og Kristni Tómassyni geðlækni. Gætt var að 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fyrir uppkvaðningu dóms.

Dómsorð:

Ákærða, X, sæti fangelsi í 18 ár en til frádráttar refsingu kemur óslitið gæsluvarðhald hennar að fullri dagatölu frá 31. janúar 2024.

Ákærða greiði Ingu Lillý Brynjólfsdóttur, sem sérstökum fjárhaldsmanni fyrir hönd ólögráða drengsins B, 5.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2024 til 29. maí 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði C, 3.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 31. janúar 2024 til 29. maí 2024 en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærða greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Evu Dóru Kolbrúnardóttur lögmanns, 10.961.600 krónur.

Ákærða greiði þóknun skipaðs réttargæslumanns B, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur lögmanns, 1.096.160 krónur.

Gjafsóknarkostnaður, þar með talin þóknun lögmanns einkaréttarkröfuhafa C, Ólafar Heiðu Guðmundsdóttur lögmanns, 1.040.000 krónur auk útlagðs kostnaðar vegna tülkaþjónustu, 75.600 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Ákærða greiði útlagðan sakarkostnað ákærvaldsins, 3.345.455 krónur.